

## SUÐURLAND


Stöðugreining 2014





14.11.14

Ritstjórn: Árni Ragnarsson. Aðrir höfundar efnis:  
Einar Örn Hreinsson, Guðmundur Guðmundsson, Kristján Þ. Halldórsson,  
Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir,  
Sigurður Árnason, Snorri Björn Sigurðsson.



## Suðurland. Stöðugreining 2014

### Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
1 Suðurland, staðhættir og sérkenni.....	6
1.1 Sérstaða.....	6
1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög.....	7
1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun .....	9
1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi .....	9
1.5 Brothættar byggðir.....	10
1.6 Jafnrétti .....	11
1.7 Búferlaflutningar .....	13
2. Menntun.....	14
2.1 Skipting íbúa eftir menntun.....	14
2.2. Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar .....	15
2.3 Starfafjöldi á þekkingarsetrum .....	15
3. Efnahagsþróun.....	17
3.1 Tekjur.....	17
3.2 Atvinnuleysi og atvinnupátttaka .....	18
3.3 Nýskráning fyrirtækja .....	19
3.4 Fasteignaverð .....	21
4. Samgöngur.....	22
4.1 Vegir, hafnir, flugvellir .....	22
4.2 Almenningssamgöngur .....	23
4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða .....	23

4.4 Gagnaflutningar .....	24
5. Opinber þjónusta.....	25
5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla .....	25
5.2 Löggæsla og sýslumaður.....	25
5.3 Héraðsdómur.....	26
5.4 Rafveita og húshitun.....	26
5.5 Opinber störf .....	27
6. Önnur þjónusta.....	29
6.1 Verslun.....	29
6.2 Ýmis þjónusta .....	30
6.3 Ferðabjónusta.....	30
7. Iðnaður .....	31
7.1 Landbúnaðarafurðir.....	31
8 Frumvinnsla .....	32
8.1 Landbúnaður .....	32
8.2 Fiskveiðar.....	36
8.3 Fiskeldi.....	44
9 Stoðkerfi .....	45
9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar .....	45
9.2 Áætlanir ríkisins og samþætting þeirra .....	46
9.3 Sóknaráætlun 2013 .....	46
9.4 Þekkingarsetur.....	47
10 Verkefna- og menningarsamningar.....	48
10.1 Vaxtarsamningur .....	48
10.2 Menningarsamningur .....	48
11 Fjölbjóðlegt samstarf.....	50
11.1 NORA, Norræna Atlantssamstarfið .....	50
11.2 NPP, Norðurslóðaáætlunin.....	50
Viðaukar .....	52
Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamnings 2012-2013 .....	52
Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2012-2013.....	53

## Inngangur

Stöðugreining landshluta 2014 er uppfærsla á Stöðugreiningu 2012 með nokkrum viðbótum. Áhersla er á það lögð að landshlutasamtök sveitarfélaga gangist fyrir móturn sóknaráætlana fyrir landshlutana með framtíðarsýn og áherslum til lengri tíma. Þá er áhersla á samþættingu áætlana og hliðsjón af áætlunum ríkisins. Því þótti mikilvægt nú að skapa yfirsýn yfir hina mörgu sameiginlegu starfsþætti innan landshlutans, innviði hans og atvinnuvegi eftir því sem kostur er. Leitast er við að setja efni fram á myndrænan hátt og stytta texta þannig að yfirsýn fáist fljótt og síðan að tengja efnið við bakgrunnsgögn fyrir þá sem vilja kynna sér efnið betur. Mikilvægt er að Stöðugreining 2014 er uppflettirit, samantekt, aðgengileg á heimasiðu Byggðastofnunar, með öllum þeim tenglum við bakgrunnsgögn sem í því er að finna. Það verður ekki gefið út á pappír.

Sumir kaflar ritsins eru ekki uppfærðir frá 2012 vegna þess að ólíklegt þótti að breytingar væru merkjanlegar á svo stuttu tímabili. Þar sem um rafræna útgáfu er að ræða er möguleiki á að uppfæra einstaka kafla ef nýjar upplýsingar gefa tilefni til. Á Byggðastofnun er unnið að rafrænum gagnagrunni um byggðamál þar sem gögn verða uppfærð og gerð aðgengileg á netinu. Uppfærsla einstakra kafla stöðugreininga tengist þeirri vinnu.

Þess er vænst að þessi samantekt gagnist landshlutunum við stefnumótun, öðrum sem láta sig þau mál varða og almenna byggðaþróun í landinu, á lands- og landshlutavísu og sveitarstjórnarstigi.

Árni Ragnarsson.

# 1 Suðurland, staðhættir og sérkenni

## 1.1 Sérstaða

Svæði sóknaráætlunar Suðurlands er víðáttumikið og langt, nær yfir 30.966 km<sup>2</sup> og um 375 km í loftlinu milli marka í Herdísarvík að vestan og á Lónsheiði að austan. Svæðið er samfallandi með starfssvæði landshlutasamtaka á Suðurlandi, SASS (Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi), með aðild allra 15 sveitarfélaga með 26.253 íbúa 1. janúar 2014,

8,1% landsmanna sem er óbreyttur hluti frá 1. janúar 2012.


Suðurland er ríkt af auðlindum, aflmiklum ám, jarðhita og frjórri jörð og sérkennilegum náttúrufyrirbrigðum og náttúrufegurð. Suðurlandi má skipta í þrjú svæði sökum sérstöðu en flestir þessir þættir eru þeim öllum sameigin-

legir. Svæðin þrjú eru vestrsvæðið, láglent, frjósamt, þéttbýlt með vaxandi íbúafjölda og á áhrifasvæði höfuðborgar, austursvæðið, með fjöll, jöklar og eyðisanda en gróðurlendi á milli, strjálbýlt með fækkandi íbúum og Vestmannaeyjar með mikla útgerð og fiskvinnslu og þetta byggð, virkt og öflugt menningarlíf eyjasamfélagsins, magnaða náttúru en ár engar.

Skrá yfir vernduð svæði á Suðurlandi og svæði á náttúrumínjaskrá er að finna í stöðuskýrslu frá 2009 sem unnin var fyrir þjóðfund á Suðurlandi 2009.<sup>1</sup> (20/20 Sóknaráætlun. Stöðuskýrsla Suðursvæðis. Töluleg samantekt. Mars 2009.)


Á bls. 21-35 í skýrslu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða frá 2011 er að finna lista yfir forgangsröðun verkefnisstjórnarinnar.<sup>2</sup> Með skýrslunni fylgja kort þar sem merktri eru inn verndar- og nýtingarstaðir að tillögu verkefnisstjórnarinnar.<sup>3</sup>

Mynd 1.1.1 Landshlutasamtök og sveitarfélög 2012



Mynd 1.1.2 Virkjanakostir og vernduð svæði 2011

Korthluti verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða 2011



Mynd 1.1.3 Skipting Suðurlands í ferðasvæði 2011

Korthluti verkefnisstjórnar Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða 2011




<sup>1</sup> <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/island/soknaraetlanir-fyrir-svaedi/landshlutask-sudursv.pdf>


## 1.2 Helstu byggðakjarnar og byggðarlög

Sérkenni samfélags á Suðurlandi eru hin glöggumörk á milli þriggja undirsvæða. Á Suðurlandi eru fimm þéttbýlisstaðir með meira en 1000 íbúa, þrír þeirra í nábýli og innan áhrifa- og vinnusóknarsvæðis höfuðborgarinnar, Selfoss, Hveragerði og Þorlákshöfn, en ferðatími til hinna er of mikill fyrir daglega vinnusókn.

**Mynd 1.2.1 Þéttbýlisstaðir og láglendi 2012**



**Mynd 1.2.2 Skipting mannfjöldans á svæðishluta Suðurlandi 2014**



Heimild: Hagstofa Íslands

Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun ráðast að nokkru af vegalengdum og ferðatíma. Sama má segja um forsendur til rekstrar fyrirtækja. Þannig hefur þéttleiki byggðar áhrif á búsetuskilyrði. Miðað við þetta byggð á höfuðborgarsvæðinu eru aðrir landshlutar strjálbýrir en á Suðurlandi er mikill munur á milli vestur- og austursvæðis landshlutans og Vestmannaeyja. Eyjarnar eru með tæplega 247 íbúa á hverjum ferkilómetra lands þéttbýlli en höfuðborgarsvæðið með tæplega

**Mynd 1.2.3 Landstærð og íbúafjöldi sveitarfélaga og svæðishluta 2012**

Heimild: Hagstofa Íslands og LMÍ


	fer-kilómetrar	íbúafjöldi 2012	íbúafjöldi á ferkilóm
Ásahreppur	2.942	204	0,07
Bláskógarbyggð	3.300	906	0,27
Flóahreppur	289	602	2,08
Grímsnes- og Grafnings	900	416	0,46
Hrunamanna	1.375	774	0,56
Hveragerði	9	2.283	253,67
Rangárþing eystra	1.841	1.741	0,95
Rangárþing ytra	3.188	1.504	0,47
Skeiða- og Gnúpverja	2.231	504	0,23
Árborg	158	7.783	49,26
Ölfus	737	1.930	2,62
Vesturhluti	16.970	18.647	1,10
Vestmannaeyjar	17	4.194	246,71
Mýrdals	755	459	0,61
Skaftár	6.946	443	0,06
Hornafjörður	6.280	2.143	0,34
Austurhluti	13.981	3.045	0,22

<sup>2</sup> [www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Rammaaaetlun-1.pdf](http://www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Rammaaaetlun-1.pdf)

<sup>3</sup> [www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Kort-ur-skyrslu.pdf](http://www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Kort-ur-skyrslu.pdf)


#### Mynd 1.2.4 Íbúafjöldi landshluta á ferkílómetra 2012

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ



#### Mynd 1.2.5 Íbúafjöldi á Suðurlandi á ferkílómetra 2012

Heimild: Hagstofa Íslands, LMÍ



#### Mynd 1.2.6 Íbúafjöldi sveitarfélaga á austur- og vestursvæði 1998-2012

Heimild: Hagstofa Íslands


	1998	2002	2007	2012
Sveitarfélagið Árborg	5486	6050	7311	7783
Ásahreppur	141	143	158	204
Rangárþing eystra	1702	1642	1696	1741
Rangárþing ytra	1382	1431	1528	1504
Hrunamannahreppur	693	747	786	774
Hveragerði	1668	1872	2184	2283
Sveitarfélagið Ölfus	1526	1684	1846	1930
Grímsnes- og Grafningsshr	298	348	376	416
Skeiða- og Gnúpverjahr	558	505	528	504
Bláskógbabyggð	792	885	928	906
Flóahreppur	496	510	559	602
Vestursvæði Suðurlands	14742	15817	17900	18647
Hornafjörður	2476	2335	2181	2143
Mýrdalshreppur	526	526	496	459
Skaftárhreppur	593	543	487	443
Austursvæði Suðurlands	3595	3404	3164	3045

austursvæði Suðurlands svo strjálbýlt að varla mælist á þessum skala, 0,06 íbúi á ferkílómetra í Skaftárhreppi.


Íbúafjöldi svæða og þéttleiki byggðar eru kvarðar sem auðvelt er að fylgjast með. Þeir byggjast á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert og landstærðum sem Landmælingar Íslands hafa reiknað.

Aðstæður og þróun á Suðausturlandi og í Vestmannaeyjum er m.a. viðfangsefni í skýrslu Byggðastofnunar frá maí 2012, bls. 158-162,

#### Mynd 1.2.7 Íbúafjöldi á austurhluta Suðurlands 1998-2013



#### Mynd 1.2.8 Íbúafjöldi á vesturhluta Suðurlands 1998-2013




*Samfélag, atvinnulíf og íbúaþróun í byggðarlögum með langvarandi fólkssækkun<sup>4</sup>.*

### 1.3 Íbúar. Mannfjöldaþróun


Þann 1. janúar 2014 bjuggu 25.854 manns á Suðurlandi, þar af 20.971 í þéttbýli, eða 81,1%. Íbúum hafði þá fjölgæð um 3.656 frá 1998 eða um 15,0%. Íbúafjölgunin er talsverð miðað við aðra landshluta en samt hefur hlutur Suðurlands af þjóðinni farið heldur minnkandi.

Hlutur erlendra ríkisborgara í landshlutanum óx


**Mynd 1.3.2 Íbúafjöldi Suðurlands og landsins alls 1998-2014**



**Mynd 1.3.3 Hlutfall íbúa á Suðurlandi af þjóðinni allri 1998-2014**



**Mynd 1.3.4 Hlutfall erlendra ríkisborgara 2010-13**



talsvert ári 2011 og 2012 efir að hafa farið minnkandi árin á undan. Í ársbyrjun 2013 var hann riflega 6,4 og óx hraðar en landsmeðaltalið. Í skýrslu Byggðastofnunar frá júní 2011 er leitast við að varpa ljósi á mikilvægi erlendra ríkisborgara fyrir íslenskt efnahagslíf.<sup>5</sup>

### 1.4 Helstu þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi

Á Suðurlandi eru þrír bær með yfir 2.000 íbúa og íbúafjöldi tveggja er á milli 1.000 og 2000. 1. janúar 2014 voru íbúar flestir á Selfossi, 6.601 og hafði fjölgæð úr 4.340 árið 1998. Á þessum árum fjölgæði íbúum líka verulega í Hveragerði og allnokkuð í Þorlákshöfn en fækkaði í Vestmanneyjum og Höfn í Hornafirði. Hér má sjá mun á mannfjöldaþróun milli bæjanna sem eru á áhrifasvæði Reykjavíkur og utan þess.

Í bæjum með íbúafjölda á milli 100 og 1.000 má greina svipaða þróun. Athyglisverð er fækkan á Eyrarbakka og Stokkseyri á árunum eftir bankahrun.

Eitt af sérkennum Suðurlands eru hinir mörgu litlu þéttbýlisstaðir á vestursvæðinu og allt austur að Hvolsvelli þar sem fjölgun hefur orðið og hinir fáu þéttbýlisstaðir á austursvæðinu, sem eiga í vök að

<sup>4</sup> [www.bgyggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag\\_atvinnulif\\_og\\_ibuathroun\\_skyrslan\\_i\\_heild.pdf](http://www.bgyggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/Samfelag_atvinnulif_og_ibuathroun_skyrslan_i_heild.pdf).

<sup>5</sup> [http://www.bgyggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Erlendir\\_ríkisborgarar-juni\\_2011.pdf](http://www.bgyggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Erlendir_ríkisborgarar-juni_2011.pdf)


	Mynd 1.4.1 Þéttbýlisstaðir og íbúafjöldi 2013-2014					
	2013			2014		
	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
Nesjahverfi í Hornafirði	71	37	34	70	38	32
Höfn í Hornafirði	1.690	881	809	1.698	883	815
Kirkjubæjklaustur	119	54	65	126	64	62
Vík í Mýrdal	276	142	134	296	150	146
Vestmannaeyjar	4.219	2.188	2.031	4.262	2.214	2.048
Hvolsvöllur	902	457	445	909	462	447
Hella	784	389	395	806	403	403
Rauðalækur	36	18	18	52	28	24
Byggðakjarni í Þykkvabæ	53	27	26	58	32	26
Brautarholt á Skeiðum	54	30	24	64	34	30
Fluðir	420	220	200	422	219	203
Reykholts í Biskupstungum	206	102	104	219	111	108
Laugarás	106	49	57	100	46	54
Laugarvatn	147	71	76	165	78	87
Sólheimar í Grímsnesi	95	47	48	106	51	55
Borg í Grímsnesi	75	39	36	82	41	41
Selfoss	6.510	3.277	3.233	6.601	3.321	3.280
Árbæjarverfi í Ölfusi	54	31	23	65	35	30
Tjarnabyggð	81	40	41	94	44	50
Stokkseyri	465	249	216	460	243	217
Eyrarbakki	531	283	248	496	276	220
Hveragerði	2.288	1.174	1.114	2.330	1.185	1.145
Þorlákshöfn	1.489	773	716	1.490	779	711
Samtals	20.671			20.971		

Heimild: Hagstofa Íslands


verjast. Að nokkru svipar aðstæðum að þessu leyti til Norðausturlands með marga litla þéttbýlisstaði við Eyjafjörð í vestri í samanburði við austurhluta svæðisins.

Fólkssfjöldi þéttbýlisstaða er mikilvægur kvarði sem byggist á tölu Hagstofu Íslands fyrir hvert ár. Með hliðsjón af því sem áður hefur verið sagt um þjónustu- og vinnusóknir er viðgangur bæjanna mikilvægur.

#### 1.4.2 Íbúafjöldi í þéttbýli með fleiri en 1.000 íbúa á Suðurlandi 1997-2013



#### 1.4.3 Íbúafjöldi í þéttbýli með færri en 1.000 íbúa á Suðurlandi 1997-2013



## 1.5 Brothaettar byggðir

Skaftárreppur er eina byggðarlagið á Suðurlandi sem skilgreint hefur verið inn í verkefni Byggðastofnunar *Brothaettar byggðir*.<sup>6</sup> Eins og fram kemur í niðurstöðum um Suðurland hér á eftir fækkaði íbúum þar um 28% á tímabilinu 1994-2011 og fækkaði enn fram til 2014. Í verkefninu

<sup>6</sup> <http://www.bryggdastofnun.is/is/brothaettar-byggdir/framtid-fyrir-brothaettar-byggdir>

*Brothættar byggðir* er áhersla lögð á að virkja íbúa til samstarfs eins og lýst er í greinargerðinni

*Skaftárhreppur til framtíðar.*

*Skilaboð íbúapings, október 2013.*<sup>7</sup>


Við samantekt Byggðastofnunar um byggðir með langvarandi fólkfækkun árið 2012 beindist umfjöllin á Suðurlandi að Suðausturlandi og Vestmannaeyjum.

Meginniðurstöður<sup>8</sup> voru eftirfarandi:

#### **Suðausturland og Vestmannaeyjar.**

- Fækkun íbúa á tímabilinu 1994-2011 er langmest í Skaftárhreppi, eða 28% en 14% í Vestmannaeyjum og 12,3%í Hornafirði. Þróunin er þó mjög misjöfn milli dreifbýlis og þéttbýlis, t.d. fækkar íbúum í dreifbýli í Hornafirði um 31% á tímabilinu en einungis um 5% á Höfn.
- Ungu fólki fækkar í öllum sveitarfélögnum og konur eru færri en karlar, sérstaklega í yngri aldurshópunum.
- Fækkun ungs fólks hefur í för með sér minni náttúrulega fjölgun.
- Hægst hefur á fólkfækkun í Vestmannaeyjum undanfarin ár og íbúum fjölgað frá árinu 2008.
- Langar vegalengdir einkenna þessi þrjú samfélög sem þurfa að vera sjálfum sér næg varðandi þjónustu og samfélag.
- Höfn og Vestmannaeyjar eru sterkt sjávarútvegspláss og í Eyjum eru tvö stór sjávarútvegsfyrirtæki.
- Ferðaþjónusta er mjög öflug á Suðurlandi og meginstoð atvinnulífs í Skaftárhreppi ásamt landbúnaði.

Mannfjöldaþróun síðustu ára er viðfangsefni í skýrslu Byggðastofnunar, des. 2010, *Breytingar á íbúafjölda 2001-2010.*<sup>9</sup>



## **1.6 Jafnrétti**

Mikill munur á fjölda karla og kvenna í samfélagi er af mörgum, leikum og lærðum, talinn veikleiki samfélagsins og takmarkandi fyrir þróun þess. Því séu jafnréttismál mikilvægt byggðamál. Pennan kynjahalla má lesa úr mannfjöldatölum margra sveitarfélaga og landshluta, t.d. úr myndinni af þróun íbúafjöldans í Skaftárhreppi, mynd 1.5.1. Brottflutningur kvenna úr dreifbýli er ekki séríslenskt fyrirbrigði og er t.d. viðfangsefni í ESPON-verkefni, *Rural migration, SEMIGRA*.<sup>10</sup>


<sup>7</sup> [http://www.bryggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/samantekt-skaftarhreppur-lok.pdf](http://www.bryggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/samantekt-skaftarhreppur-lok.pdf)

<sup>8</sup> <http://www.bryggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Samfelag/8.Sudurland.pdf>


<sup>9</sup> [http://www.bryggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldi\\_2001-2010.pdf](http://www.bryggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldi_2001-2010.pdf).

<sup>10</sup> [http://www.espon.eu/main/Menu\\_Projects/Menu\\_TargetedAnalyses/semigra.html](http://www.espon.eu/main/Menu_Projects/Menu_TargetedAnalyses/semigra.html)

**Mynd 1.6.1 Karlar, fjöldi eftir aldurshópum 1998, 2006 og 2014**




**Mynd 1.6.2 Konur, fjöldi eftir aldurshópum 1998, 2006 og 2014**



Athyglisvert er að hlutur kvenna og karla á Suðurlandi hefur jafnast, að hlutur beggja kynja í aldurhópnum yfir fimm tugu hefur aukist svo um munar. Raunar er vöxtur aldurshópsins milli 20 og 29 ára frávik frá tilhneigingu sem þekkist í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem þessi virki aldurshópur í atvinnulífi og barneignum fer minnkandi og það hefur verið túlkað sem viðvörun um stöðnun. Sama má segja um kynjahalla. Að þessu leyti er þróun aldurshópa og skipting þeirra eftir kyni mikilvægur kvarði og byggist fólksfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert. Athyglisverður er líka minnkandi hlutur yngsta aldurshópsins, ekki síst þar sem hlutur aldurshópsins 20-29 ára hefur stækkað. Sveitarfélög á Suðurlandi hafa flest samþykkt jafnréttisstefnu eða jafnréttisáætlanir, sameiginlega fyrir Bláskógbabyggð, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Hveragerði, Ásahreppur<sup>11</sup>, Mýrdalshreppur<sup>12</sup>, Rangárþing ytra<sup>14</sup>, Sveitarfélagið Hornafjörður<sup>15</sup>, Árborg<sup>16</sup> og Vestmannaeyjabær.<sup>17</sup>

**Mynd 1.6.3 Konur, fjöldi sem hlutfall af fjölda karla eftir aldurshópum 1998, 2006, 2014**



<sup>11</sup> <http://www.hveragerdi.is/files/51adc0b85cb68.pdf>

<sup>12</sup> <http://www.asahreppur.is/stjornsysla/fundargerdir/eignaumsjon-rangarthings-ytra-og-asahrepps-2-2-2-2-2-2-jafnrettisaetlun-sahrepps/>

<sup>13</sup> <http://www.vik.is/files/27/20140930084850713c9c14e57e2d709ac98c4861e698d2.pdf>

<sup>14</sup> <http://www.ry.is/efni/jafnr%C3%A9ttis%C3%A1%20t%C3%A1lun>


<sup>15</sup> <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/regluorgsamthykktir/stjornsysla/nr/9397>

<sup>16</sup> <http://www.arborg.is/stjornsysla/samthykktir-reglur-og-gjaldskrar/samthykktir/jafnrettisaetlun-arborgar/>

<sup>17</sup> [http://www.vestmannaeyjar.is/skrar/file/Jafnrettisaetlun\\_jafnrettisaetlun\\_2010-2014.pdf](http://www.vestmannaeyjar.is/skrar/file/Jafnrettisaetlun_jafnrettisaetlun_2010-2014.pdf)

## 1.7 Búferlaflutningar

Brottfluttir voru fleiri en aðfluttir fram til ársins 1999. Þá tók við tímabil þar sem flutningar voru í ágætu jafnvægi fram til ársins 2004. Á árunum 2005 til 2008 voru aðfluttir mun fleiri en brottfluttir, síðan mikill brottflutningur árið 2009 og heldur minni næstu tvö ár þar á eftir. Árið 2012 var í jafnvægi en aðflutningur meiri en brottflutningur árið 2013. Um 350 manns hafa flutt brott umfram aðflutta frá Suðurlandi síðustu 20 ár og er fjöldi brottfluttra umfram



aðflutta sýndur á mynd 1.7.1. Rétt er að benda á að sveitarfélagið Hornafjörður telst með Suðurlandi í þessum tölu.

## 2. Menntun

### 2.1 Skipting íbúa eftir menntun

Fyrir þessa greiningu á stöðu mála í landshlutunum fékk Byggðastofnun fyrirtækið Capacent til að taka saman úr gögnum sínum tölur um menntun fólks eftir landshlutum. Capacent sprýr í ýmsum könnunum sínum um menntun og því telst upplýsingagrunnurinn vera marktækur þó þurft hafi að fara aftur til 2011 til þess að fá marktækt úrtak.

Eins og í öðrum tölum fyrir landsmeðaltal vegur hlutur höfuðborgarsvæðisins afar þungt. Samanburður leiðir í ljós að íbúar með próf úr grunnskóla, starfsnám úr framhaldsskóla og iðnnámi eru fleiri en í landsmeðaltali. Íbúar sem lokið hafa stúdentsprófi, grunnnámi (eða minna) og framhaldsnámi í háskóla eru færri en í landsmeðaltali. Í samanburði við meðaltal fyrir landið allt eru mun færri sem lokið hafa háskólanámi og mun hærra hlutfall karla með iðnmenntun. Mun fleiri en á landsvísu sem hafa aðeins lokið grunnskólaprófi eða minna og athyglisvert er áberandi hátt hlutfall kvenna í þessum menntunarhópi.


**Mynd 2.1.1 Hlutfallsskipting íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

Heimild: Capacent

Karlar	Grunn-skóla-prófeða minna	Starfs-nám í fram-h.skóla	Stúdents próf	Iðnnám/verknám/meist-arapróf	Grunn-nám í háskóla	Fram-halds-nám í háskóla
Suðurland	31%	5%	12%	39%	10%	3%
Landið	22%	3%	14%	31%	19%	10%
<b>Konur</b>						
Suðurland	42%	7%	17%	8%	21%	5%
Landið	27%	6%	19%	9%	27%	11%


**Mynd 2.1.2 Hlutfallsskipting karla íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

Heimild: Capacent



**Mynd 2.1.3 Hlutfallsskipting kvenna íbúa 18 ára og eldri 2011-2012 eftir menntun**

Heimild: Capacent




## 2.2. Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar

Framhaldsskólar á Suðurlandi eru á Laugarvatni, Selfossi, Höfn og í Vestmannaeyjum. Símenntunarstöðvar á Selfossi og Vestmannaeyjum. Háskóli er ekki á Suðurlandi en Háskólafélag, einkahlutafélag í samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, hefur bækistöðvar á Selfossi og háskólaútibú eða –setur eru á Höfn og í Eyjum.

**Mynd 2.1.4 Háskólar, framhaldsskólar og símenntunarmiðstöðvar á Suðurlandi 2012**

Heimild: Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Háskólastetur og útibú má flokka sem þekkingarsetur, starfsstöðvar af ýmsu tagi með langmenntuðu starfsfólk sem er að finna í öllum landshlutum. Aðgengi að menntun, símenntun og starfsendurhæfingu er talin ein forsenda fyrir nýsköpun. Vesturhluti Suðurlands býr að nágrenni við höfuðborgarsvæðið og mikið framboð þar af framhalds- og háskólum. Fjöldi háskóla á Suðurlandi er því hæpinn kvarði en Háskólafélagið ber þó vitni um áhuga fyrir slíkri stofnun á Suðurlandi.


## 2.3 Starfafjöldi á þekkingarsetrum

Í áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi sem lögð var fram árið 2010 af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu voru skilgreind þekkingarsetur í hverjum landshluta utan höfuðborgarsvæðisins og starfafjöldi þeirra. Starfsemi af þessu tagi er talin mikilvæg fyrir nýsköpun og starfafjöldi því mikilvægur kvarði. Starfafjöldinn sem settur er hér fram sem kvarði byggist á samantekt skyrlunnar. Hann er þó gallaður að því leyti að á svæðunum eru fleiri stofnanir starfandi sem byggja á þekkingarstarfi til þjónustu, stoðstofnanir og að höfuðborgarsvæðið er ekki með. Þennan kvarða þarf því að þráa en samt telst hann gagnast í stöðumati í samanburði svæða utan höfuðborgarsvæðisins.

Skyrluna frá 2010 uppfærðu fulltrúar Mennta- og menningarmála- og Fjármála- og efnahagsráðuneyta í stýrineti stjórnarráðsins í vinnuskjali árið 2012 undir heitinu *Þekkingarsetur og stoðstofnanir, samantekt eftir landshlutum*.<sup>18</sup> Uppfærðu skyrluna hafa ýmis landshlutasamtök

**Mynd 2.3.1 Fjöldi starfa á þekkingarsetrum á hverja 100 íbúa 2009**

Heimild: Áfangaskýrsla MMR 2009



<sup>18</sup> <http://www.stjornarrad.is/media/sl/Thekkingarsetur-og-stodstofnanir.pdf>

sveitarfélaga gert athugasemdir við en samt er hér birt úr henni eftirfarandi skrá yfir setur, stofnanir og verkefni á Suðurlandi:

### Tafla 2.3.2 Skrá yfir þekkingarsetur

Starfsemi	Staður	Gerð	Starfsmenn	Stöðugildi
Þekkingarnet Austurlands	Höfn	Sjálfseignastofnun	1,7	1,7
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands	Selfoss	Félag	5	
Fræðslunet Suðurlands	Selfoss	Sjálfseignastofnun	5	3,3
Háskólaþróunarfélag Suðurlands	Selfoss	Hlutafélag	3	2
Menningaráð Suðurlands	Selfoss	Samningur	1	1
Vaxtarsamningur Suðurlands og Vestmannaeyja	Selfoss	Samningur	1	1
Markaðsstofa Suðurlands	Hveragerði	Annað	1	1
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	Sjálfseignastofnun	8	5,5
Náttúrustofa Suðurlands	Vestmannaeyjar	Stofnun	4	3
Pórbergssetur	Suðursveit		2	1,5
Byggðasafn Árnesinga	Eyrabakki	Stofnun	5	3,5
Búnaðarsamband Suðurlands	Höfn	Félag	2	2
Háskólastetur Höfn	Höfn	Hlutafélag	1	0,5
Háskólastetur Höfn	Höfn	Stofnun	10	6
Matís Höfn	Höfn	Stofnun	2	1,8
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Höfn	Stofnun	1	1
Vatnajökulsþjóðgarður Suðursvæði	Fagurhólmseyri	Stofnun	19	6,3
Búnaðarsamband Suðurlands	Selfoss	Félag	11	10
Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði	Selfoss	Stofnun	5	5
Veiðimálastofnun Selfossi	Selfoss	Stofnun	2	2
Sesseljuhús – umhverfissetur	Sólheimar	Sjálfseignastofnun	2	2
Hekluskógar	Gunnarsholt	Stofnun	2	0,5
Landgræðslan, Héraðssetur	Gunnarsholt	Útibú	3	2,5
Skógrækt ríkisins Suðurlandi	Gunnarsholt	Útibú	13	10
Búnaðarsamband Suðurlands	Hvolsvöllur	Félag	1	1
Formleifavernd	Skógar	Stofnun	1	1
Kirkjubæjarstofa ses,	Kirkjubæjarklaustur	Sjálfseignastofnun	2	1,5
Vatnajökulsþjóðgarður, Vestursvæði	Kirkjubæjarklaustur	Stofnun	6	2,8
Hafrannsóknastofnunin	Vestmannaeyjar	Stofnun	2	2
Matís Vestmannaeyjum	Vestmannaeyjar	Stofnun	1	1
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Vestmannaeyjar	Stofnun	1	1
Rannsóknarþjónusta Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	Hlutafélag	1	1
Surtseyjarstofa	Vestmannaeyjar	Stofnun	1	1


### 3. Efnahagsþróun

#### 3.1 Tekjur

Útsvarsstofn sveitarfélaga byggist á heildarvatinnutekjum einstaklinga og sé hann reiknaður á hvern íbúa sveitarfélags telst hann lýsa tekjum á mann, sem annars er erfitt að afla upplýsinga um. Útsvarsstofninn byggist þó aðeins á launatekjum og nær t.d. ekki yfir fjármagns- og leigutekjur. Upplýsingar um útsvarsstofninn eru fengnar frá Ríkisskattstjóra og hér í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga. Útsvarsstofn á íbúa telst þannig vera marktækur og mikilvægur kvarði sem uppfæririst árlega og geta lýst tekjum og tekjuþróun eftir landshlutum á sambærilegan hátt. Tekjuþróunin á Suðurlandi er sýnd einfölduð á línuritinu í samanburði við landsmeðaltal. Útsvarsstofninn er sýndur á verðlagi ársins 2013 á hvern íbúa í landshlutanum og því fæst þróunin á einfaldan og samanburðarhæfan hátt.

Suðurland er talsvert undir landsmeðaltali allt þetta tímabil en dregur þó á landsmeðaltal eftir 2009. Af línuritinu má sjá að árið 2013 var þó útsvarsstofn mun lægri en hann var árið 2007, bæði að landsmeðaltali og á Suðurlandi og þar með tekjur einstaklinga.

**Mynd 3.1.1 Útsvarsstofn á íbúa á Suðurlandi og landsmeðaltal 2007-2013**



**Mynd 3.1.2 Útsvarsstofn á íbúa eftir landshlutum 2007-2013**

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Höfuðborgarsvæðið	4.115	3.771	3.295	3.109	3.185	3.233	3.289
„Landsbyggð“	3.435	3.141	2.888	2.807	2.907	2.964	3.013
Suðurnes	3.501	3.179	2.783	2.637	2.707	2.732	2.822
Vesturland	3.411	3.162	2.922	2.875	2.926	2.962	2.979
Vestfirðir	3.215	3.150	3.020	2.849	2.954	3.047	3.058
Norðurland vestra	2.980	2.871	2.771	2.702	2.742	2.855	2.914
Norðurland eystra	3.243	3.085	2.906	2.856	2.955	2.997	3.055
Austurland	4.458	3.455	3.170	3.105	3.327	3.378	3.389
<b>Suðurland</b>	<b>3.283</b>	<b>3.094</b>	<b>2.815</b>	<b>2.753</b>	<b>2.876</b>	<b>2.966</b>	<b>3.007</b>
<b>Landsmeðaltal</b>	<b>3.859</b>	<b>3.537</b>	<b>3.144</b>	<b>2.998</b>	<b>3.084</b>	<b>3.135</b>	<b>3.189</b>

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands

### 3.2 Atvinnuleysi og atvinnubátttaka


Atvinnuleysi á Suðurlandi var á bilinu 5-6 % á árunum 2009-2012 og því um tveimur prósentustigum undir landsmeðaltali. Á höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega á Suðurnesjum er atvinnuleysi meira en á Suðurlandi og þau svæði vega mikið í landsmeðaltalinu. Dregið hefur úr atvinnuleysi á Suðurlandi milli áranna 2010 til 2012 en það er svipuð þróun og í öðrum landshlutum. Atvinnuleysi karla hefur minnkað hratt frá árinu 2010 en atvinnuleysi kvenna var heldur minna en atvinnuleysi karla í byrjun tímabilsins en dregið hefur hægar úr því og á árinu 2012 var atvinnuleysi kvenna um einu prósentustigi meira en hjá körlunum.

Atvinnuleysi er mikilvægur kvarði fyrir áhersluþátt í þróun en líka er mikilvægt að horfa til fjöldaþróunar þess aldurshóps sem virkastur er á vinnumarkaði því að nokkru flytur atvinnulaust fólk milli landshluta eftir atvinnu eða á milli landa og þá minnkar staðbundið atvinnuleysi.


Hagstofan skilgreinir atvinnubátttöku sem hlutfall vinnuafils af heildarmannfjölda. Vinnufl samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki. Atvinnuleysi er hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu. Upplýsingar um atvinnubátttöku eru einungis tiltækar fyrir höfuðborgarsvæðið annars vegar og svæðið utan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Atvinnubátttaka var 80,7% á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en 80,3% utan þess. Atvinnubátttaka kvenna var óbreytt á árunum 2008 til 2012 eða um 78%, en atvinnubátttaka karla lækkaði úr 87 % í 83 % á sama tímabili.

Hlutfall fólks á aldrinum 20-39 ára af heildarmannfjölda á landinu hefur lækkað um 1,8 prósentustig á síðasta aldarfjórðungi en á Suðurlandi um 3,3 prósentustig. Þetta lýsir almennt því að hlutfall eldri árganga vegur þyngra en áður og fyrir Suðurland sérstaklega að landshlutinn hefur ekki náð að halda fólki á aldrinum 20-39 ára. Vinnufl samanstendur af starfandi og atvinnulausu fólki


**Mynd 3.2.1 Atvinnuleysi á Suðurlandi karlar og konur**




**Mynd 3.2.2 Atvinnuleysi á Suðurlandi karlar**



**Mynd 3.2.3 Atvinnuleysi á Suðurlandi konur**




**Mynd 3.2.4 Hlutfall 20-39 ára af heildaríbúafjölda**



### 3.3 Nýskráning fyrirtækja

Upplýsingar um fyrirtæki og gengi þeirra liggja ekki á lausu og þá heldur ekki um nýstofnuð fyrirtæki. Helst er að styðjast við upplýsingar um nýskráningu fyrirtækja frá Hagstofu Íslands. Ljóst er að þær upplýsingar eru ekki fullkomnar, að öll fyrirtæki sem sett eru á laggirnar nái ekki inn á þá skrá. Hins vegar má ætla að svipað hlutfall nýrra fyrirtækja í landshlutunum séu skráð og samanburður því marktækur og besti kvarði sem völ er á. Beinn samanburður á fjölda nýskráðra fyrirtækja er þó hæpinn og hér er valið að miða hann við staðalinn 1.000 íbúa. Samanburður á þeim grunni sýnir að nýskráð fyrirtæki á Suðurlandi fylgja landsmeðaltalinu býsna vel en þau hafa þó verið undir landmeðaltali síðasta áratuginn.

**Mynd 3.3.1 Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga á 1.000 íbúa 1999-2013**



**Mynd 3.3.2 Skipting framleiðslu eftir landshlutum og atvinnugreinum 2011.**

	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
<b>Landbúnaður</b>	6%	94%	1%	11%	5%	12%	18%	8%	39%	100%
<b>Sjávarútvegur</b>	19%	81%	13%	13%	8%	5%	13%	14%	15%	100%
<b>Stóriðja, veitur</b>	52%	48%	4%	15%	2%	2%	6%	15%	5%	100%
<b>Annar iðnaður</b>	72%	28%	3%	4%	1%	2%	7%	4%	7%	100%
<b>Byggingar</b>	54%	46%	10%	4%	2%	3%	11%	6%	9%	100%
<b>Verslun, hótel, veit., samgöngur</b>	78%	22%	6%	3%	1%	1%	4%	2%	4%	100%
<b>Fjármálfyrirtæki og önnur þjónusta</b>	77%	23%	4%	3%	1%	1%	6%	3%	5%	100%
<b>Opinber þjónusta</b>	66%	34%	5%	5%	2%	2%	9%	4%	7%	100%
<b>Öll framleiðsla</b>	66%	34%	5%	5%	2%	2%	7%	5%	7%	100%

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011


Um stöðu, þróun og mikilvægi atvinnugreina eftir landshlutum er helst að byggja á greiningum sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur unnið í samstarfi við Byggðastofnun og hafa verið uppfærðar árlega. Þar kemur fram að um tveir þriðju hlutar landframleiðslunnar verða til á höfuðborgarsvæðinu. Samanburður, sem góður kvarði fyrir sóknaráætlun, fæst með með mati á vægi atvinnugreina í hverjum landshluta og á milli landshluta eins og sýnt er á töflu fyrir alla landshluta, 3.3.2, og súluriti með samanburði á framleiðslu eftir atvinnugreinum á Suðurlandi og samanburði við landsmeðaltal. Þessi samanburður er mikilvægur með öðrum samanburði, t.d. um hagvöxt landshluttanna. Þessar skýrslur byggja á tveggja ára gömlum talnagrunni og nýjustu skýrslu Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar, Hagvöxtur landshluta 2004-2011, má sjá á vef Byggðastofnunar.<sup>19</sup>.

<sup>19</sup> [www.bgygdstofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur\\_landshluta\\_2004 - 2011.pdf](http://www.bgygdstofnun.is/static/files/Skyrslur/Hagvoxtur_landshluta_2004 - 2011.pdf)

Á súluritinu sést að Suðurland er talsvert undir landsmeðaltali í starfsemi fjármálafyrirtækja, verslana og hótela en yfir því í sjávarútvegi og landbúnaði. Upplýsingar um hagvöxt eftir landshlutum fást í sömu heimild og eru líka mikilvægur kvarði.

Þær sýna sveiflukennt ástand síðustu ár en ná þó ekki vel til áranna eftir hrún.

Ljóst má þó vera að hrunið hefur ekki hitt Suðurland jafn hart og landið að




Mynd 3.3.4 Hagvöxtur landshluta 2004-2011										
	Höfuðborgarsvæði	Landsbyggð	Suðurnes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
2004	10%	2%	2%	4%	-1%	3%	-1%	4%	3%	7%
2005	4%	15%	18%	11%	18%	4%	10%	39%	10%	7%
2006	8%	3%	7%	4%	-3%	-2%	-11%	20%	6%	6%
2007	7%	6%	21%	1%	-8%	0%	4%	10%	1%	6%
2008	-1%	6%	6%	9%	13%	6%	13%	-10%	8%	1%
2009	-7%	-8%	-12%	-4%	0%	-4%	-9%	-16%	-5%	-8%
2010	-2%	-6%	-11%	-6%	-14%	-1%	-7%	0%	-4%	-3%
2011 bb	3%	3%	3%	2%	0%	1%	3%	4%	3%	3%
'04-'11	11%	18%	32%	18%	2%	5%	0%	43%	20%	13%
'07-'11	-8%	-6%	-13%	0%	-3%	2%	-1%	-22%	1%	-7%

bb – bráðabirgðatölur

Heimild: Hagvöxtur landshluta 2004-2011


meðaltali þar sem höfuðborgarsvæðið vegur auðvitað þungt eins og í öðru landsmeðaltali. Hagvöxtur var 20% á tímabilinu 2004-2011 á Suðurlandi, en landsmeðaltal var 13%.



### 3.4 Fasteignaverð

Fasteignaverð er eitt af þeim viðmiðum sem lýsa efnahagslegri stöðu. Í könnun Byggðastofnunar frá vormánuðum 2014 er samanburður á heildarmati sömu fasteignar eftir nokkrum stöðum á landinu 2010 og 2014.<sup>20</sup> Það lýsir þannig verðmun sömu fasteignar eftir því hvar hún er og hvernig mat hefur breyst frá 2010. Á Suðurlandi var mat fasteignarinnar skoðað í Vestmannaeyjum, Höfn, Hvolsvelli, Hveragerði og Selfossi og niðurstöður settar fram í súluriti og hér er gulur litur undir súlum þessara bæja til glöggvunar. Fram kemur að á Suðurlandi er fasteignaverð hæst í Vestmannaeyjum, hefur stórhækkað á tímabilinu, er hæst á landinu á eftir bæjum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Fasteignaverð er einnig hátt á Selfossi og í Hveragerði í samanburði við aðra staði á landinu og í góðu meðallagi á Hvolsvelli en heldur lægra á Höfn eftir stórhækkun á tímabilinu.

**Mynd 3.4.1 Heildar fasteigna- og líðamat viðmiðunareignar 2010 og 2014**



<sup>20</sup> <http://www.byggdastofnun.is/is/utgefild-efni/grof-og-skrar>

## 4. Samgöngur

### 4.1 Vegir, hafnir, flugvellir

Samkvæmt Samgönguáætlun 2011-2022 eru tveir flugvellir á Suðurlandi, í Vestmannaeyjum og á Höfn. Milli þessara staða og Reykjavíkur er daglegt áætlunarflug.


Helstu stofnvegar eru hringvegurinn eftir endilöngu svæðinu og helstu vegir innan byggða, Kjalvegur og Sprengisandsvegur.

Á Suðurlandi eru fjórar hafnir í grunnneti samgöngukerfisins, á Höfn, í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn auk ferjuhafnar í Landeyjahöfn, fyrir flutninga milli lands og Eyja. Fyrstnefndu hafnirnar þrjár eru jafnframt í I. flokki hafna samkvæmt flokkun Siglingastofnunar.

Engar stórar flutningahafnir eru í landshlutanum en Siglingastofnun miðar flokkun sína við að hafnir í I. flokki að þar geti 100-150 metra löng flutningaskip athafnað sig. Ekki eru neinar hafnir á Suðurlandi í flokkum II, III og IV.


**Mynd 4.1.1 Grunnnet samgangna**

Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022



**Mynd 4.1.2 Stofnvegar**

Kort frá Samgönguáætlun 2011-2022




#### SKÝRINGAR

[Yellow square]	VÖRUFLUTNINGAHÖFN
[Orange square]	1. FLOKKUR: STÓRAR FISKIHAFNIR
[Pink square]	2. FLOKKUR: MEDALSTÓRAR FISKIHAFNIR
[Grey square]	3. FLOKKUR: BÁTAHAFNIR
[Blue square]	4. FLOKKUR: SMÁBÁTAHAFNIR
[Yellow square with black outline]	HÖFN Í GRUNNNETI SKV.
[Yellow square with black outline]	SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011-2022
[Green circle]	50 KM LOFTLÍNURÁDIUS FRÁ VÖRUFLUTNINGAHÖFN
[Yellow square with red border]	SVÆIDI SÓKNARÁÆTLANA
[Red dashed line]	MÓRK SVÆÐA SÓKNARÁÆTLANA
[Yellow wavy line]	HREPPAMÖRK VEGUR
[Yellow wavy line]	VEGSLOÐI, SUMARVEGUR
[Yellow wavy line]	JÖKULL
[Yellow wavy line]	VATN, Å

0 25 50 75 100 km

**Mynd 4.1.3**



## 4.2 Almenningssamgöngur

Innanríkisráðuneytið breytti áherslum fyrir almenningssamgöngur árið 2011 og síðan hefur verið unnið að því að fára landshlutasmökum sveitarfélaga umsjón og rekstur almenningssamgangna með samningum milli þeirra og Vegagerðarinnar. Á Suðurlandi hefur SASS verið undanfari annarra landshlutasmaka á þessu sviði með samningum við Strætó bs. um skilgreiningar á leiðakerfum, ferðum og undirbúningi fyrir útboð. Þróun þessa samræmda kerfis hefur leitt til sameiningar við skólakeyrslu fyrir Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi þannig að leiðakerfið nær milli Reykjavíkur og Hafnar, um uppsveitir Suðurlands og til Vestmannaeyja um ferjuhöfn í Landeyjum. Ferðafjöldi er misjafn eftir leiðum en milli Hafnar og Reykjavíkur um Selfoss er ein ferð á dag hvora leið.

Með góðum almenningssamgöngum breytast aðstæður fólks til að sækja félagslíf og –starf sem og skóla og vinnu og ekki síður fólks til sveita en þéttbýlisbúa. Rekstur og þróun þessa samræmda leiðakerfis áætlunarferða mun verða viðfangsefni landshlutasmaka sveitarfélaga á komandi misserum og árum.

### Mynd 4.2.1 Strætókerfi Suðurlands

Kort: SASS/Strætó bs.



## 4.3 Fjarlægðir milli helstu þéttbýlisstaða

Á vesturhluta Suðurlands eru margir þéttbýlisstaðir og tiltölulega stutt á milli þeirra og milli Reykjavíkur og þeirra flestra. Þetta á líka við um Selfoss sem er miðstöð þjónustu og verslunar og iðnaðar á Suðurlandi. Vegalengd er hins vegar mikil milli Selfoss og þéttbýlisstaða á austurhluta Suðurlands. Þetta er hér sýnt á töflu og í súluriti.

### Mynd 4.3.1


#### Vegalengdir milli þéttbýlisstaða 2012

Milli Selfoss og	km
Nesjahverfi	394
Höfn	401
Kirkjubæjarklaustur	202
Vík	129
Vestmanneyjar	93
Hvolsvöllur	49
Hella	36
Þykkvibær	51
Flúðir	46
Reykholtsdalur	42
Laugarás	40
Laugardalsvatn	39
Sólheimar	31
Stokkseyri	14
Eyrarbakki	13
Hveragerði	13
Þorlákshöfn	28
Reykjavík	57

Stytting ferðatíma, samgöngu-bætur og vegstyttingar, hefur áhrif á


### Mynd 4.3.2 Vegalengdir milli Selfoss og annarra þéttbýlisstaða 2012 í km

Heimild: Vegagerðin



vinnu- og þjónustusókn og þar með á búsetuskilyrði og er því mikilvægur kvarði fyrir sóknaráætlani. Í könnun atvinnuþróunarfélagsins og Byggðastofnunar eru greind sex vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Suðurlandi þar sem vesturhlutinn, að (Hvítá) Selfossi, er innan vinnusóknar höfuðborgarsvæðisins og önnur vinnusóknarsvæði skarast líka. Innan þessara svæða er dagleg vinnusókn, ferðir milli heimilis og vinnustaðar.

Á austurhluta Suðurlands er langt á milli vinnusóknarsvæða.



#### 4.4 Gagnaflutningar

Póst- og fjarskiptastofnun vinnur að greiningu á stöðu fjarskiptamála í einstökum landshlutum og von er á fyrstu niðurstöðum á fyrri hluta árs 2014. Í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*,<sup>21</sup> bls. 40-42, er fjallað almennt um stöðu gagnaflutninga á landinu.

<sup>21</sup> <http://www.bggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/stodugreining-2013-11-11.pdf>.

## 5. Opinber þjónusta


### 5.1 Sjúkrahús og heilsugæsla

Heilbrigðisumdæmi Suðurlands er samfallandi við svæði sóknaráætlunar fyrir landshlutann. Samkvæmt skilgreiningu Velferðarráðuneytisins er heilbrigðisstofnun á Selfossi, í Vestmannaeyjum og á Höfn og heilsugæslustöð á þessum stöðum; í Þorlákshöfn, Hveragerði, Laugarási, á Hellu og Hvolsvelli, í Vík í Mýrdal og á Kirkjubæjarklaustri. Heilsugæslustöðvar marka mjög þjónustusóknir sem eru ekki stórar á vesturhluta Suðurlands.

Innra skipulag heilbrigðisumdæma í landinu er í endurmótun og verður lýst þegar endanlegt skipulag liggur fyrir.

**Mynd 5.1.1 Heilbrigðisumdæmi og heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi 2012**

Heimild: Velferðarráðuneytið, reglugerð nr. 785/2007




### 5.2 Löggæsla og sýslumaður

Á Suðurlandi sitja þrír sýslumenn og lögreglustjórar; á Selfossi, Hvolsvelli og í Vestmannaeyjum auk sýslumanns á Höfn, sem heyrir undir lögregluumdæmi Eskifjarðar og sýslumanns í Vík sem tilheyrir lögregluumdæmi Hvolsvallar.

**Mynd 5.1.2 Lögregluumdæmi og aðsetur sýslumanna á Suðurlandi 2012**

Heimild: Innanríkisráðuneytið, lög nr. 92/1989



Suðurland deilist þannig í fjögur löggregluumdæmi.

Skipulag embættaumdæma sýslumanna- og löggreglu-stjóra í landinu er í endurmótun og verður lýst þegar endanlegt skipulag liggur fyrir.

### 5.3 Héraðsdómur

Héraðsdómur Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi og umdæmi hans nær yfir sveitarfélögin Ásahrepp, Bláskógabyggð, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp, Hveragerðisbæ, Mýrdalshrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhrepp, Skeiða - og Gnúpverjahrepp, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabæ.

### 5.4 Rafveita og húshitun

Á Suðurlandi hefur Rarik sérleyfi til dreifingar raforku og kerfisstjórnunar nema í Vestmannaeyjum og í Árborg þar sem HS Veitur hafa sérleyfi. Hitaveitir með einkaleyfi sem starfa á Suðurlandi í janúar 2010 eru: Orkuveita Reykjavíkur, Selfossveitur, Bláskógvæita, Hitaveita Flúða, Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps og Hitaveita Brautarholts.

Af þeim fimm þéttbýlisstöðum á Suðurlandi sem voru með í úttekt á kostnaði vegna húshitunar og raforkunotkunar, sem Byggðastofnun fékk Orkustofnun til að gera (sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*), eru Selfoss og Hveragerði meðal þeirra fimm þéttbýlisstaða sem hafa lægstan orkukostnað fyrir samanburðarheimilið, Höfn í Hornafirði er með fjórða hæsta kostnaðinn, Hvolsvöllur er rétt yfir meðaltali þeirra þéttbýlisstaða sem voru með í úttektinni og Vestmannaeyjar eru rétt undir meðaltalinu. Af þessum þéttbýlisstöðum er fjarvarmaveita og rafmagn notað til húshitunar á Höfn í Hornafirði, fjarvarmaveita í Vestmannaeyjum og hitaveita á Hvolsvelli, Selfossi og í Hveragerði.

Orkukostnaður í dreifbýli á Suðurlandi þar sem rafmagn er notað til húshitunar er, ásamt öðrum dreifbýlissvæðum sem falla undir dreifisvæði Rarik, sá hæsti utan þéttbýlisstaða í úttekt Orkustofnunar (sjá kafla 5.4 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017*). Þar munar mest um sérstaka dreifbýlisgjaldskrá vegna orkudreifingar utan þéttbýlis.

#### Mynd 5.4.2 Orkukostnaður heimila á nokkrum þéttbýlisstöðum á Suðurlandi og í dreifbýli.

Miðað er við gjaldskrá 1. janúar 2013

Staður	Hitaveita			Rafmagn	Samtals	Samtals
	Fjarvarmav. kr/ári	Rafhitun kr./ári	Hitaveita/Rafhitun kr./ári	Almenn notkun kr/ári	rafmagn og hiti kr/ári	rafmagn og hiti kr/ári
Dreifbýli RARIK		217.063	217.063	103.059	320.123	
Höfn	180.051	187.133	180.051	77.553	257.604	264.686
Hitaveita dreifbýli Suðurland	139.044		139.044	103.059	242.103	
OR meðaltal dreifbýli	126.416		126.416	103.059	229.475	
Hvolsvöllur	130.897		130.897	77.553	208.449	
Vestmannaeyjar	115.960		115.960	68.606	184.566	
Selfoss	81.064		81.064	77.553	158.616	
Hveragerði	80.656		80.656	77.553	158.209	

Heimild: Orkustofnun

## 5.5 Opinber störf

Eftir bankahrunið, haustið 2008, fækkaði störfum ríkisins víða á landinu. Greinargerð sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun<sup>22</sup>, *Breytingar á fjölda ríkisstarfsmanna í kjölfar efnahagshrunsins*, var gerð opinber í apríl 2013. Þar er fjallað um árin frá hruni til 2011 og þar kemur fram að ríkisstörfum fjölgaði á Suðurlandi á þessu tímabili. (Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur sett fram athugasemdir við skýrsluna.) Í samantekt um svæðið segir í skýrslunni:

„Á Suðurlandi hefur ársverkum fjölgað hjá ríkinu á tímabilinu 2007 til 2011. Þrátt fyrir það hefur íbúum þar fækkað eftir hrun. Það skýrist af miklum fólksflutningum frá svæðinu. Eftir bankahrunið hefur meðalaldur hækkað hraðar og hlutfall 20-40 ára lækkað hraðar. Atvinnuleysi hefur einnig hækkað líkt og annars staðar á landinu. Líklegt er að íbúaþróun og þróun atvinnuleysis hefði orðið enn neikvæðari ef ekki hefði komið til fjölgunar opinberra starfa. Mestur niðurskurður á svæðinu varð í Vestmannaeyjum til dæmis á Heilbrigðisstofnuninni.“

**Mynd 5.5.1 Ríkisstörf á Suðurlandi 2007 og 2011**


	Fjöldi starfsmanna 2007	Fjöldi starfsmanna 2011	Breyting milli ára
<i>Menntamálaráðuneytið</i>			
Háskóli Íslands	22,7	10,3 <sup>1</sup>	-12,4
Menntaskólinn að Laugarvatni	18,7	19,5	0,8
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	27,9	28,8	0,9
Fjölbautaskóli Suðurlands	95,4	100	4,6
Framhaldsskólinn í A-Skaftafelssýslu	14	17	3
Framhaldsfræðsla	4,6	6,3	1,7
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i>			
Fiskistofa	3	4	1
Matvælastofnun	32	44,8	12,8
Suðurlandsskógar	6,4	5,2	-1,2
Veiðimálastofnun	2	2,2	0,2
<i>Innanríkisráðuneytið</i>			
Héraðsdómstólar	5,3	6	0,7
Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal	4,5	5	0,5
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli	14	17	3
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum	22,3	18,3	-4
Sýslumaðurinn á Selfossi	43,9	44,1	0,2
Fangelsismálastofnun ríkisins	56,5	73	16,5
Vegagerðin	32,2	31,5	-0,7
<i>Velferðarráðuneytið</i>			
Vinnueftirlit ríkisins	4,8	5	0,2
Landspítali	28,9	39,4	10,5
Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyjum	74,4	67,7	-6,7
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	198,7	223,3	24,6
Barnaverndarstofa	0	18,4	18,4
Vinnumálastofnun	4,5	4,4	-0,1
<i>Fjármálaráðuneytið</i>			
Ríkisskattstjóri/skattstofur	17,4	14,8	-2,6
Tollstjórin	0	3	3
<i>Iðnaðarráðuneytið</i>			
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	0	1	1
<i>Umhverfisráðuneytið</i>			
Umhverfisstofnun	0	1	1
Landgræðsla ríkisins	46,4	47,3	0,9
Hekluskógar	0	1	1
<b>Samtals</b>	<b>766,5</b>	<b>859,3</b>	<b>92,8</b>
<b>Samtals eftir leiðréttingu</b>	<b>780,5</b>	<b>859,3</b>	<b>78,8</b>

<sup>1</sup> Tölur um ársverk Háskóla Íslands árið 2011 fyrir landsbyggðina skal taka með fyrirvara þar sem engin ársverk eru skráð á landsbyggðinni en aftur á móti eru óstaðsett ársverk 13. Ef ársverk landsbyggðarinnar eru lögð saman fyrir árið 2007 eru þau 28,7 talsins, því er hægt að áætla að ársverk HÍ á landsbyggðinni hafi fækka um 13, en óvist er um staðsetningu þeirra. Því er fækkun á hverjum stað reiknuð út sem hlutfall af heildarfækkun ársverka á landsbyggðinni.

<sup>22</sup> <http://www.bryggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/breyting-a-fjolda-rikisstarfsmanna.pdf>

Flesta þætti ríkisstarfseminnar er að finna á Selfossi eins og sést á töflunni hér á undan. Þar er sett fram niðurstaða úr könnun sem Samband sveitarfélaga á Suðurlandi vann í samráði við Byggðastofnun 2014. Landshlutasamtök sveitarfélaga í öðrum landshlutum gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Byggðastofnunar.<sup>23</sup>

### Mynd 5.5.2 Staðsetning ríkisstarfa 2014



<sup>23</sup> <http://www.byggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-starfa-rikisins-1>


## 6. Önnur þjónusta

### 6.1 Verslun

#### Flokkun verslana

Ef byggt er á flokkun Samkeppniseftirlitsins: *Verðpróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, jan. 2012, (aðall. bls. 26) eru lágvöruverðsverslanir á Suðurlandi í Þorlákshöfn, Hveragerði, Selfossi, Vestmanneyjum og Höfn en litlar verslanir í flestum þéttbýlisstöðum, sumar með mjög takmarkað vöruframboð. Lágvöruverðsverslanir eru mikilvægar fyrir skilgreiningu á þjónustusvæðum, svipað og heilsugæslustöðvar. Flokkunin er svofelld:

1. Lágvöruverðsverslanir:  
Bónus, Nettó, Krónan, Kaskó
2. Stórmarkaðir og almennar dagvöruverslanir  
Hagkaup, Nóatún, Samkaup úrval, Fjarðarkaup
3. Klukkubúðir  
Samkaup strax, 10-11
4. Litlar matvörubúðir  
Takmarkað vöruframboð. T.d. Kjarval, búðir í samrekstri við bensínstöðvar.



## 6.2 Ýmis þjónusta


Flesta starfsþætti þjónustu fyrirtækja á Suðurlandi er að finna á Selfossi en marga er líka að finna á Höfn og þá í Vestmannaeyjum eins og sést á töflunni á mynd 6.2.1. Hún sýnir niðurstöður könnunar sem SASS gerði 2014 í samráði við Byggðastofnun. Landshlutasamtök sveitarfélaga í öðrum landshlutum gerðu sams konar könnun, hver á sínu svæði, og heildarniðurstaða er sett fram á heimasíðu Byggðastofnunar.<sup>24</sup> Fjöldi þjónustupáttá á Selfossi, Höfn og Vestmannaeyjum er sambærilegur við mesta fjölda á stöðum í hverjum landshluta.

## 6.3 Ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta er sú grein sem vaxið hefur mest um land allt. Í yfirliti Ferðamálastofu Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum – apríl 2014<sup>25</sup> má á eftirfarandi töflu sjá fjölda gistiþýma 2012-2013 eftir landshlutum. Fjöldi gistenóttar er þó aðeins einn kvarði af mörgum til þess að mæla stöðu ferðaþjónustunnar. Fram kemur á töflunni að hlutur Suðurlands í heildarfjölda gistenóttar á landinu er vaxandi og var 18,1% árið 2013.

**Mynd 6.3.1 Fjöldi gistenóttar á hótelum og gistiheimilum 2012-2013**

	2012		2013		Breyting milli ára 2012-13 (%)
	Fjöldi herbergja	%	Fjöldi herbergja	%	
Höfðuborgarsvæði	3.584	35,0	3.997	36,2	11,5
Suðurnes	391	3,8	465	4,2	18,9
Vesturland	771	7,5	768	7,0	-0,4
Vestfirðir	444	4,3	513	4,6	15,5
Norðurland vestra	505	4,9	536	4,9	6,1
Norðurland eystra	1.521	14,9	1.516	13,7	-0,3
Austurland	1.232	12,0	1.253	11,3	1,7
Suðurland	1.781	17,4	2.002	18,1	12,4
Samtals	10.229	100	11.050	100	8,0



**Mynd 6.2.1 Staðsetning þjónustustarfa fyrirtækja 2014**

<sup>24</sup> <http://www.bryggdastofnun.is/is/frettir/category/1/stadsetning-thjonustustarfa-fyrirtaekja>.

<sup>25</sup> [http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/november/ferdationusta\\_itolum\\_april14.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/november/ferdationusta_itolum_april14.pdf)

## **7. Iðnaður**

### **7.1 Landbúnaðarafurðir**

Vísað er í kafla 7.1 í *Stöðugreining 2013 - Fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017* þar sem fjallað er um framleiðslu og neyslu á innlendum kjöt- og mjólkurafurðum. Gögn þar að lútandi eru ekki tiltæk fyrir hvern landshluta heldur lýsa þau einungis landinu sem heild.

#### **7.2 Sjávarafurðir**

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

#### **7.3 Byggingariðnaður**

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

#### **7.4 Annar iðnaður**

Svæðisgreindar upplýsingar er ekki að finna.

## 8 Frumvinnsla

### 8.1 Landbúnaður

#### Fjöldi bújarða og landnýting

Sveitarfélagið Hornafjörður er ekki meðtalið í landshlutagögnum Hagstofu Íslands fyrir Suðurland en er hluti af Suðurlandi í þeirri skilgreiningu landshluta sem hér er notuð og er byggð á landshlutasamtökum sveitarfélaga. Það er því ákveðið misræmi í hugtakinu *Suðurland* í þessum undirkafla og þeim næsta, þar sem gögnin eru fengin frá Hagstofu Íslands sem, eins og áður segir, telur sveitarfélagið Hornafjörður með Austurlandi en ekki Suðurlandi.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru bújarðir, þ.e. býli þar sem stundaður er landbúnaður, samtals 770 á Suðurlandi árið 2010. Heildarflatarmál lands sem nýtt er undir landbúnað á Suðurlandi er um 3.301 km<sup>2</sup>, sem eru rúm 13% af heildarflatarmáli landshlutans. Meðalstærð nýtts lands reiknast því til að vera tæpir 430 hektarar á bújörð.


Bróðurpartur nýtts landbúnaðarlands eru engi og úthagi, tæp 88%, nýtt til beitar. Tún og nýræktir eru tæp 11% og aðrir flokkar samanlagt 1,7%, þar af er land til kornræktar tæpur helmingur og land notað undir grænfóður tæpur fjórðungur en landrými annarra flokka enn minni.

**Tafla 8.1.1 Hektarar nýtts landbúnaðarlands og fjöldi bújarða á Suðurlandi 2010**

Fjöldi bújarða	770
Engi og úthagi	289.789
Tún alls	34.675
Grænfóður	1.270
Kornrækt	2.664
Kartöflur	404
Fóðurrófur og kál	468
Hvíldarland	546
Annað land	281
Alls	330.097
Meðalstærð nýtts lands bújarða	429

Heimild: Hagstofa Íslands

**Mynd 8.1.2 Hlutfall landnýtingarflokka af nytjuðu landbúnaðarlandi á Suðurlandi á árinu 2010**




#### Fjöldi búpenings

Eins og fjallað er um í kaflanum hér á undan þarf að hafa í huga að skilgreiningin á Suðurlandi sem gögn þessa kafla lýsa er frábrugðin þeirri skilgreiningu sem almennt er hér notuð og miðuð er við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Þróun í fjölda búpenings frá 1998 til 2012 fyrir sjö tegundir má sjá á mynd 8.1.3. Þar er fjöldinn sýndur sem prósentu af upphafsfjöldanum. Það sem vekur athygli er fækku refs niður í ekki neitt frá 2006 og mikil fjölgun minks, um tæp 99% í lok tímabilsins, þrátt fyrir niðursveiflu 2003-2004. Fjöldi hrossa og nautgripa hefur sveiflast nokkuð í takt á tímabilinu þó fjöldi hrossa hafi vaxið um rúm 2% í lok tímabilsins en fjöldi nautgripa minnkað um tæp 2%. Fjöldi varphænsna hefur sveiflast töluvert á tímabilinu með uppsveiflum árið 2000, 2006 til 2007 og 2009 en er í lok tímabilsins rúm 14% lægri en í upphafi þess. Þá hefur sauðfé fækkað um rúm 15% og svínum um rúm 19% á tímabilinu.

**Mynd 8.1.3 Þróun á fjölda búpenings á Suðurlandi 1998 - 2012**



**Tafla 8.1.4 Fjöldi búpenings á Suðurlandi 1998 - 2012**


	Nautgripir	Sauðfé	Hross	Varphænsni	Svín	Minkar	Refir
1998	28.158	98.335	27.625	19.788	1.361	8.501	215
1999	27.974	99.113	27.261	15.275	1.214	10.247	117
2000	27.640	90.437	26.062	34.128	1.078	12.235	65
2001	26.826	89.887	26.423	19.580	1.347	12.978	65
2002	25.552	87.039	25.177	22.822	1.124	13.290	105
2003	24.161	83.941	22.989	21.250	779	6.640	-
2004	23.715	78.715	24.934	26.255	691	6.870	102
2005	24.226	78.222	26.392	21.024	983	10.946	97
2006	25.420	78.848	26.578	37.591	1.142	14.260	4
2007	25.945	77.442	26.753	33.311	1.185	15.271	1
2008	26.354	78.147	28.005	16.096	1.104	14.144	3
2009	26.967	79.124	27.729	33.527	1.008	14.600	-
2010	27.120	80.290	27.128	15.128	1.088	14.727	-
2011	27.201	80.921	28.159	17.225	1.069	16.126	-
2012	27.677	82.408	28.313	16.922	1.099	16.912	-

Heimild: Hagstofa Íslands

#### Greiðslumark sauðfjár og mjólkur eftir sveitarfélögum

Hlutfall greiðslumarks mjólkur og sauðfjár á Suðurlandi af heildargreiðslumarki alls landsins árið 2013 voru 39% fyrir mjólk og 19% fyrir sauðfé. Heildargreiðslumark mjólkur á Suðurlandi jókst milli áranna 2010 og 2013 um 1,1% en heildargreiðslumark sauðfjár minnkaði um 1,0%. Til samanburðar var samdráttur í greiðslumarki mjólkur fyrir landið allt 0,22% milli áranna 2010 og 2013 en greiðslumark sauðfjár hélt óbreytt.

Á Suðurlandi var langmesta hlutdeild greiðslumarks mjólkur af heildargreiðslumarki landshlutans árið 2013 í Rangárþingi eystra, 27%, næstmeist í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 15%, og þá í Flóahreppi og Hrunamannahreppi, 12% hlutdeild. Ef undan er skilinn Vestmannaeyjabær, sem var án greiðslumarks mjólkur árið




2013, var lægsta hlutdeild mjólkur í Hveragerðisbæ, 0,02%, þá í Sveitarfélagini Ölfusi, 0,42%, og þriðja lægsta hlutdeildin var í Grímsnes- og Grafningshreppi, 0,90%. Mesta hlutdeild greiðslumarks sauðfjár af heildargreiðslumarki landshlutans árið 2013 var í Skaftárhreppi, 24%, þá í Sveitarfélagini Hornafirði, 19% og þriðja mesta hlutdeildin var í Rangárþingi eystra, 15%. Fyrir utan Vestmannaeyjabær, sem var án greiðslumarks sauðfjár árið 2013, var minnsta hlutdeild greiðslumarks sauðfjár á Suðurlandi í Hveragerðisbæ, 0,04%, þá í Sveitarfélagini Árborg, 0,34%, og þriðja lægsta hlutdeildin var í Ásahreppi, 1,8%.

Í átta af fimmtán sveitarfélögum á Suðurlandi hækkaði greiðslumark mjólkur milli áranna 2010 og 2013. Mesta



hlutfallsaukningin var í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 6,1%. Í fjórum sveitarfélögum lækkaði hlutdeildin meira en sem nam 0,22% lækkun landsins alls í greiðslumarki mjólkur. Mest var hlutfallslækkunin í Mýrdalshreppi, 10%.

Í fimm af fimmtán sveitarfélögum á Suðurlandi hækkaði greiðslumark sauðfjár milli áranna 2010 og 2013. Mesta hlutfallsaukningin var í Sveitarfélagini Árborg, 88%, sem skýrist að nokkru af mjög lágu heildargreiðslumarki í







sveitarfélagini.

Hlutfallsaukning í Sveitarfélagini

Ölfusi var einnig nokkuð mikil, 25%.



Í átta sveitarfélögum lækkaði greiðslumark

sauðfjár og var mesta hlutfallslækkunin í Mýrdalshreppi, 7,2%.



#### Skýringar

Hlutfallsleg breyting á greiðslumarki sauðfjár milli 2010 og 2013 eftir sveitarfélögum á Suðurlandi




**Tafla 8.19 Greiðslumark sauðfjár og mjólkur á Suðurlandi 2010 og 2013**

Númer	Sveitarfélag	Greiðslumark mjólkur			Greiðslumark sauðfjár		
		2010	2013	Breyting	2010	2013	Breyting
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	1.923.680	1.971.250	2,47%	12.996,4	13.213,4	1,67%
8000	Vestmannaeyjabær	0	0	0,00%	0,0	0,0	0,00%
8200	Sveitarfélagið Árborg	1.552.480	1.529.630	-1,47%	123,2	232,2	88,47%
8508	Mýrdalshreppur	1.344.840	1.207.260	-10,23%	3.653,2	3.389,8	-7,21%
8509	Skaftárhreppur	2.097.690	2.195.080	4,64%	16.687,9	16.359,9	-1,97%
8610	Ásahreppur	654.224	666.160	1,82%	1.216,5	1.216,5	0,00%
8613	Rangárþing eystra	12.179.600	12.106.900	-0,60%	10.766,0	10.426,1	-3,16%
8614	Rangárþing ytra	3.988.970	4.000.410	0,29%	7.055,6	6.787,9	-3,79%
8710	Hrunamannahreppur	5.060.770	5.264.590	4,03%	3.640,8	3.553,3	-2,40%
8716	Hveragerðisbær	10.489	10.466	-0,22%	29,9	29,9	0,00%
8717	Sveitarfélagið Ölfus	187.239	190.328	1,65%	979,4	1.227,1	25,29%
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	412.501	411.613	-0,22%	2.806,9	2.653,9	-5,45%
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	6.557.400	6.957.890	6,11%	2.847,9	2.769,4	-2,76%
8721	Bláskógabyggð	3.779.330	3.790.230	0,29%	4.429,2	4.618,4	4,27%
8722	Flóahreppur	5.414.220	5.376.750	-0,69%	1.945,5	2.045,5	5,14%
	Suðurland	45.163.433	45.678.557	1,14%	69.178,4	68.523,3	-0,95%

Heimild: Bændasamtök Íslands, Matvælastofnun

## 8.2 Fiskveiðar


Afli annarra tegunda en uppsjávarfisks dróst nokkuð saman á árunum 2003-2012, úr 78 í 62 þúsund tonn, sjá mynd 8.2.1. Þó voru ekki miklar sveiflur í veiðum eins og sjá má í mörgum öðrum landshlutum. Af einstökum stöðum hefur samdráttur í Þorlákshöfn verið hlutfallslega mestur og var nær 10 þúsund tonnum. Svipaða þróun má sjá ef horft er á veiðar á þorski, ýsu, ufsa og karfa en þó fór þorskveiði talsvert vaxandi eftir mitt tímabilið og þá einkum í Vestmannaeyjum. Sjá myndir 8.2.2 og 8.2.3.





Verkun afla var mest í Vestmannaeyjum þrátt fyrir umtalsverðan samdrátt á tímabilinu. Einnig var mjög mikið verkað í Þorlákshöfn og þar hafa sveiflur verið tiltölulega litlar á milli ára. Þá var mikið verkað á Höfn í Hornafirði og magnið stöðugt á milli ára. Mun minna var verkað á öðrum stöðum eins og fram kemur á mynd 8.2.4.




Tiltölulega mikið af veiddum afla sunnlenskra skipa var verkað í heimahöfn, tæp 47% á árinu 2012. Um 33,6% voru verkuð innanlands utan heimahafnar og tæp 19% send út í gánum, væntanlega m.a. vegna góðra skipasamgangna.

Vinnsla um borð í skipum hefur hins vegar minnkað verulega eftir árið 2008 og var óveruleg í lok tímabilsins. Sjá mynd 8.2.5.



Ef borinn er saman afli skráðra skipa og verkaður afli eftir stöðum sést að Þorlákshöfn skar sig úr með mikið magn verkað umfram afli Þorlákshafnarskipa. Á öðrum útgerðarstöðum var verkun minni en veiðar og skáru Vestmannaeyjar sig úr að þessu leyti. Það á sér m.a. skýringar í að nær allur gámafiskurinn kemur af Eyjabátum. Ef horft er á landshlutann í heild voru rúm 17 þúsund tonn verkuð annars staðar á árinu 2012, eftir nokkrar sveiflur á milli ára. Sjá mynd 8.2.6.







### Uppsjávarfiskur

Veiðar og vinnsla uppsjávartegunda eru mjög mikilvægur atvinnuvegur á Suðurlandi. Skip skráð í Vestmannaeyjum veiddu langmest en einnig var veiði mikil á skipum frá Höfn í Hornafirði. Veiði á öðrum


stöðum var óveruleg. Nokkurt jafnvægi var á milli veiða og vinnslu eins og sjá má á myndum 8.2.7, 8.2.8 og 8.2.9, einkum seinustu ár.




Veiðar og vinnsla á makríl eru mjög mikilvægar á Suðurlandi frá árinu 2007 og veiddu skip í landshlutanum til dæmis um 45 þúsund tonn á ári 2011 og 2012, sjá mynd 8.2.10. Skip frá

Vestmannaeyjum veiddu bróðurpartinn en einnig er mikil veiði á skipum frá Höfn. Smærri skip hafa einnig beitt sér á makrílveiðum og á árinu veiddu þessi skip (án togara og skipa með aflamark) tæp 200 tonn. Einkum eru þetta skip frá Höfn í Hornafirði en þó einnig frá Vestmannaeyjum eins og sjá má á mynd 8.2.11.


**Mynd 8.2.11 Makrílafli eftir heimahöfn skipa (kg)  
(án togara og skipa með aflamark)**





**Mynd 8.2.12 Fjöldi smærri báta á Suðurlandi**




**Mynd 8.2.13 Afli smærri báta á Suðurlandi (t)**







**Úthlutaðar aflaheimildir**  
Myndir 8.2.16 og 8.2.17 sýna annars vegar úthlutun í þorski með sérstakri úthlutun (skelbótum o.fl.) og hins vegar úthlutun í þÍG með jöfnun (þ.m.t. bótum). Á fiskveiðíárunum 2012/2013 og 2031/2014 er jöfnun þó ekki með, einungis bætur. Ártal á við seinni hluta kvótaársins.






Tiltölulega litlar sveiflur hafa verið í heimildum alls hjá skipum á Suðurlandi og hlutfallið haldist svipað frá 1991 í þorski. Það er nú tæp 14% af heimildum alls í landinu. Hlutfallið hefur hækkað lítillega í þorskígildum og er nú tæp 18%. Vestmannaeyjar eru langstærstar hvað heimildir varðar og þar á eftir kemur Hornafjörður. Aðrir staðir eru mun minni.



Útgerðir á Suðurlandi eru mjög sterkar þegar kemur að uppsjávarfiski og heimildir þeirra farið vaxandi að hlutfalli. Þannig héldu útgerðir landshlutans á um 39% loðnukvótans, 43% í íslenskri síld, um 11% kolmunna og tæp 40% af norsk-íslensku síldinni. Heimildirnar eru allar hjá útgerðum í Vestmannaeyjum og á Hornafirði, þó meira í Eyjum. Sjá myndir 8.2.18 – 8.2.21.





### 8.3 Fiskeldi

Tuttugu og ein fiskeldisstöð var skráð á Suðurlandi 2013. Margar þeirra standa á gömlum merg en framleiða lítið til slátrunar og ein stöð sem stundar eldi til sleppingar í ár og vötn. Margar þessara stöðva eru afkastamiklar seiðastöðvar og framleiða seiði sem seld eru til áframeldis víðsvegar um landið, ekki síst til Fjarðalax á Vestfjörðum, Íslandsbleikju á Stað við Grindavík og bleikjustöðvarinnar á Vatnsleysu og Silfurstjörnunnar í Kelduhverfi. Nokkrar framleiða einhverja tugi tonna af laxi eða bleikju og þó stækknaráform séu ókunn áætla þrjár til fjórar stöðvar mikla aukningu í nánustu framtíð.

Heildarframleiðsla fiskeldisstöðva á

Mynd 8.3.1 Fiskeldisstöðvar á Suðurlandi 2014			
staður	eldisfiskur	gerð	stærð, tonn
Eyjaland við Laugarvatn	bleikja	strandeldi	10
Bakki, Ölfusi	bleikja	seiðastöð	< 5
Fiskalón, Ölfusi	bleikja	klakstöð	35
Þorlákshöfn	lax og regnbogasilungur	seiðastöð	200
Fagridalur við Vík	bleikja	strandeldi	10
Hallkelshólar, Grímsnesi	bleikja	strandeldi	75
Tungufell, Hrunam.hreppi	lax, villtur	klakstöð	< 5
Lækjarbotnar, Landsveit	bleikja	strandeldi	12
Tungulækur, Landbroti	bleikja	strandeldi	< 10
Öxnalækur, Ölfusi	bleikja	seiðastöð	50
Núpar, Ölfusi	lax og bleikja	seiðastöð	20
Fellsmúli, Landsveit	tilapia (klakstöð) og bleikja	strandeldi	35
Hali, Suðursveit	bleikja	seiðastöð og strandeldi	< 5
Hof, Lækjarnhús, Öræfum	bleikja	strandeldi	< 5
Teygingalækur, Brunasandi	bleikja	strandeldi	50
Botnar, Meðallandi	bleikja	strandeldi	< 5
Þorlákshöfn	bleikja	strandeldi	150
Spóastaðir, Biskupstungum	lax, villtur	klakstöð	< 5
Eyrarbakki	sæeyra og sæbjúga	klakstöð og strandeldi	< 5
Laugar, Landsveit	lax, villtur	klakstöð	

Heimild: Mast

Suðurlandi er innan við 800 tonn. Ein stöð í landshlutanum er með tilraunaeldi á sæbjúgum og sæeyrum. Fjöldi starfsmanna við fiskeldi á Suðurlandi er um 45 auk afleiddra starfa.

## 9 Stoðkerfi

### 9.1 Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar

Hér er umfjöllun um stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar takmörkuð við stuðning ríkisins við byggða- og atvinnuþróun. Sérstaklega er þó fjallað um vaxtar- og menningarsamninga í kafla 10. Ekki er fjallað um beinan stuðning við atvinnugreinar með eða án aðildar ríkisvaldsins.

#### Samningur um atvinnu og byggðaþróun

Átta landshlutasamtök sveitarfélaga og átta atvinnuþróunarfélög, þar af tvö á Norðurlandi eystra, sem í flestum tilvikum eru nátengd landshlutasamtökunum, hafa gegnt mikilvægu hlutverki við að koma stefnu ríkisins í byggðamálum í framkvæmd á landshlutavísu. Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög hafa gert samning og framlengt hann um árabil með fjármagni sem veitt er af fjárlagalið Byggðastofnunar.

Samningur Byggðastofnunar og Sambands sunnlenskra sveitarfélaga<sup>26</sup> nær til starfssvæðis sambandsins, 15 sveitarfélaga sem aðild eiga að sambandinu, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárrepps, Mýrdalshrepps, Vestmannaeyjabæjar, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningsharepps, Árborgar, Sveitarfélagsins Ölfuss og Hveragerðisbæjar og hefur gildistíma frá 2013 til ársloka 2017. Í honum er samband sveitarfélaganna nefnt *félagið* og þar segir í 1. gr. „Forsendur samningsins eru *lög um Byggðastofnun nr.106/1999* og *reglugerð um Byggðastofnun nr.347/2000*, stefnumótandi byggðaáætlun og Sóknaráætlun Suðurlands.“ Hlutverk sambands sveitarfélaga er samkvæmt þessu að sampætta áætlanir ríkis og landshlutans eins og fram kemur í 2. gr., um markmið samningsins, sem eru:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðaþróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að sampætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði félags m.a. í samræmi við Sóknaráætlun Suðurlands.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðarþróunar milli samningsaðila.

Í 3. grein samningsins er skilgreining á hlutverki Sambands sunnlenskra sveitarfélaga í stoðkerfinu, að það vinni m.a. að eftirtöldum verkþáttum:

- a) Atvinnu- og byggðaþróun
- b) Atvinnuráðgjöf
- c) Nýsköpun
- d) Búsetupáttum
- e) Upplýsingaöflun
- f) Endurmenntun, samstarf o.fl.

Í 6. gr. samningsins er lýst eftirfylgni og segir þar m.a.: „ Félagið skal fyrir lok marsmánaðar ár hvert skila Byggðastofnun ársreikningi fyrir næstliðið ár, skýrslu um starfsemi félagsins á næstliðnu ári og starfsáætlun fyrir nýhafið ár.

Í starfsáætlun skal sampætta áherslur félagsins við forsendur og markmið samnings þessa sem fram koma í 1. og 2.gr. Í áætluninni skal gerð grein fyrir helstu markmiðum og áherslum á árinu, með hvaða hætti gert er ráð fyrir að vinna að þeim á árinu, starfsmannahaldi og ráðstöfun

<sup>26</sup> Byggðastofnun: Samningur um atvinnu og byggðaþróun.

fjármuna sem til starfseminnar renna (fjárhagsáætlun). Í starfsáætlun skal félagið einnig setja fram almenn árangursmarkmið.“

Samkvæmt samninginum um atvinnu- og byggðaþróun fékk SASS til ráðstöfunar um 20,5 milljónir króna fyrir starfsárið 2012 og 24 milljónir króna fyrir 2013.<sup>27</sup> Þessir fjármunir nýtast aðallega til reksturs starfseminnar.

## 9.2 Áætlanir ríkisins og sambætting þeirra

Við mótnum Ísland 2020 stefnuskjalsins setti forsætisráðuneytið fram tillögu um einföldun, fækjun og sambættingu lögbundinna stefna og áætlana<sup>28</sup> þannig að unnar yrðu heildstæðar tillögur að breyttu skipulagi og aðferðarfræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnsýslunnar samhliða vinnu við gerð fjárfestingaráætlunar til langs tíma og sóknaráætlunar landshluta. Markmiðið með tillögunni var að bæta yfirsýn og bæta vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi.

Tillögunum fylgdi eftirfarandi skrá yfir lögbundnar stefnur og áætlanir til sambættingar og einföldunar:

- Samgönguáætlun
- Samskiptaáætlun
- Byggðaáætlun
- Ferðamálaáætlun
- Heilbrigðisáætlun
- Löggæsluáætlun
- Skipulagsáætlun
- Orkustefna
- Menntastefna
- Velferð til framtíðar, stefnumörkun Íslands á sviði sjálfbærar þróunar
- Netríkið Ísland, stefna um upplýsingasamfélagið
- Áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins
- Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði
- Þingsályktun í málefnum innflyttjenda
- Þingsályktun í jafnréttismálum
- Þingsályktun í málefnum barna og ungmenna

## 9.3 Sóknaráætlun 2013

Samningur um framkvæmd sóknaráætlunar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga 2013 var undirritaður af fjármálaráðherra og formanni Sambands sunnlenskra sveitarfélaga 22. mars 2013.<sup>29</sup> Þar er m.a. kveðið á um að til sóknaráætlunarinnar renni kr. 52,9 milljónir af fjárlagalið 09-992 á árinu 2013. Fjármunir til Sóknaráætlunar Sambands sunnlenskra sveitarfélaga voru ákveðnir samkvæmt reiknireglu Stýrinets stjórnarráðsins 2013.<sup>30</sup> Til viðbótar þessari fjárhæð koma mótfamlög af Suðurlandi, samtals kr. 40 milljónir.

Af hálfu stýrinets stjórnarráðsins um sóknaráætlanir<sup>31</sup> var lögð áhersla á þrjá efnisflokk<sup>32</sup> fyrir sóknaráætlanir landshlutanna 2013:

- Atvinnumál og nýsköpun.

<sup>27</sup> Byggðastofnun. Greiðslur til atvinnuþróunarfélaganna 2012 og 2013.

<sup>28</sup> <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/tillogur/nr/4555>

<sup>29</sup> [http://www.stjornarrad.is/media/sl/Samningur\\_samtok-sunnlenskra-sveitarfelaga\\_22.mars\\_2013.pdf](http://www.stjornarrad.is/media/sl/Samningur_samtok-sunnlenskra-sveitarfelaga_22.mars_2013.pdf)

<sup>30</sup> <http://www.stjornarrad.is/media/rikisstjorn/skipting-framlaga.pdf>

<sup>31</sup> <http://www.stjornarrad.is/sl/soknaraaetlanir-landshlutanna/abyrgd-og-hlutverk-styrinetsins/>

<sup>32</sup> Skapalón fyrir sóknaráætlun landshluta. Stýrinet stjórnarráðsins um sóknaráætlanir, 30.10.2012. Byggðastofnun.

- Mennta- og menningarmál.
- Markaðsmál.

Í samningi Fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands sunnlenskra sveitarfélaga eru tilgreind 8 verkefni í þessum áhersluflokkum til útfærslu<sup>33</sup>:

1. *Efling samstarfs um mennta- og fræðastarf*. Að greina aðstöðu, aðbúnað, þekkingu, innviði og uppyggingu mennta- og fræðastarfs á Suðurlandi og leggja fram tillögur að aðgerðum til að hækka menntunarstig á Suðurlandi.
2. *Uppbygging símenntunar á miðsvæðinu*. Að fjölga þáttakendum og framboði af námskeiðum á miðsvæðinu. Ráðnir starfsmenn á Klaustri og Vík til að sinna símenntun.
3. *Menntalestin á Suðurlandi*. Að bæta viðhorf og skilning á hagkvæmni menntunar og auka áherslur á nýsköpun, skapandi- og verklegar greinar í landshlutanum.
4. *Upplýsingagátt Suðurlands*. Að auka kynningu á menningartengdum viðburðum á Suðurlandi og efla kynningu á vefnum sudurland.is sem og kynningu á stoðkerfi og þjónustu SASS.
5. *Listnám, nýsköpun og skapandi greinar*. Að vinna að greiningu og stefnumótun um tækifæri og aðgerðir til að auka og efla listnám, nýsköpun og skapandi greinar á Suðurlandi.
6. *Efling atvinnulífs og nýsköpunar*. Að efla atvinnulíf og nýsköpun á Suðurlandi og fjölgja störfum. Fjármagnið verður viðbót við fjármagn úr vaxtarsamningi (35 m.kr.) og styrkveitingum SASS til fyrirtækja (5 m.kr).
7. *Bændamarkaður, vörupróun og nýsköpun*. Að styðja við vörupróun, markaðssetningu og sölu á sunnlenskum vörum. Að auka þekkingu smáframleiðenda á stoðkerfi nýsköpunar og auka heildartekjur þeirra og framlegð af sölu í gegnum Bændamarkað Suðurlands.
8. *Suðurland allt árið*. Að fjölga ferðamönnum allt árið um kring og markaðssetja Suðurland fyrir erlendra ferðamenn yfir vetrartímann.

Samkvæmt 5. gr. samningsins um sóknaráætlun voru 40% samningsupphæðar hans greidd við undirritun og önnur 40% í kjölfar funda um framvindu allra verkefna og mat á þeim sem stýrinet stjórnarráðsins gekkst fyrir þann 24. og 25. september 2013 með fulltrúum hverrar sóknaráætlunar. Lokagreiðsla, 20%, mun verða greidd í kjölfar staðfestingar stýrinetsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins á að landshlutasamtökum hafi staðið við skilyrði samningsins og skilað endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri fyrir 1. september 2014. Forsenda fyrir lokagreiðslu er að landshlutasamtokin hafi uppfyllt skilyrði fjárveitingarinnar og samningsins.

## 9.4 Þekkingarsetur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gert samninga til þriggja ára við háskóla og nokkur þekkingarsetur.<sup>34</sup> Auk þess starfrækir Háskóli Íslands rannsóknasetur á nokkrum stöðum á landinu. Þekkingarsetrin eru mikilvægur þáttur stoðkerfisins í hverjum landshluta og skrá yfir þau er í kafla 2.3.

<sup>33</sup> [http://www.stjornarrad.is/media/sl/Verkefni-2013-yfirlit\\_220313.pdf](http://www.stjornarrad.is/media/sl/Verkefni-2013-yfirlit_220313.pdf)

<sup>34</sup> <http://www.menntamalaraduneyti.is/verkefni/samningar/haskola---og-visindamal/>

## 10 Verkefna- og menningarsamningar

### 10.1 Vaxtarsamningur

Vaxtarsamningur Suðurlands 2010-2013<sup>35</sup> milli Iðnaðarráðuneytisins og Atvinnuþróunararfélags Suðurlands var undirritaður í febrúar 2010 með gildistíma til ársloka 2013.

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Atvinnuþróunararfélags Suðurlands og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðir að þessu markmiði eru tilgreindar í samninginum:

- 1 Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
- 2 Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
- 3 Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
- 4 Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
- 5 Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
- 6 Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Í samninginum er lögð áhersla á uppyggingu klasa og framgang rannsókna og þróunar á sviði matvæla, ferðaþjónustu og iðnaðar og að áherslur og markmið geti breyst vegna stefnumótunar og samþættingu áætlana á grundvelli Sóknaráætlunar 2020.

Vaxtarsamningur Suðurlands styrkti 43 verkefni á árunum 2012 og 2013 og skrá yfir þau má sjá í viðauka 1.

### 10.2 Menningarsamningur

Menningarsamningur milli mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaganna 15 á starfssvæði samtakanna, var undirritaður í apríl 2011 með gildistíma til ársloka 2013.<sup>36</sup> Samningurinn er um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu í þeim tilgangi að beina í einn farweg styrkveitingum ríkisins til þess að efla slíka starfsemi í landshlutanum og gera hana sem sýnilegasta. Markmiðin eru fjögur:

- Efla samstarf á sviði menningarmála á svæðinu.
- Stuðla að nýsköpun og fjölbreytni í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Fjölga atvinnutækifærum á sviði menningar og lista.
- Menningarstarfsemi styðji við ferðaþjónustu.

Með samninginum er sveitarfélögum á Suðurlandi gert að standa að Menningarráði Suðurlands í samræmi við gildandi samstarfssamning sveitarfélaganna og kveðið á um að hlutverk ráðsins sé meðal annars að samræma aðgerðir á sviði menningarmála í landshlutanum og standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og nýsköpun sem meðal annars styðji við menningartengda ferðaþjónustu. Þá er menningarráðinu gert að setja fram stefnu og áætlun um hvernig það hyggst starfa að markmiðum samningsins, að úthluta styrkjum til menningarverkefna á Suðurlandi samkvæmt úthlutunarreglum sem það setur og birtir og að hafa eftirlit með framkvæmd styrktra verkefna. Framlag til samningsins er áætlað 37,2 m.kr. á ári og skiptist þannig að Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur til 20,9 m.kr., Iðnaðarráðuneyti leggur til 5,7 m.kr. og sveitarfélögini

<sup>35</sup> <http://sudur.is/skrar/file/VSSV2010-2013/100329.pdf>

<sup>36</sup> <http://www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/Menningarrad/nr/5959>

á Suðurlandi leggja sameiginlega til að lágmarki sem næst 40% af framlögum ráðuneyta eða sem nemur 10,6 m.kr.

Í samþykktum Menningarráðs Suðurlands frá 2007 segir um tilgang þess: „Tilgangur ráðsins er að efla menningarstarf á Suðurlandi. Meginverkefni Menningarráðs Suðurlands eru:

- Að marka stefnu ráðsins milli aðalfunda sem m.a. felst í því að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum á Suðurlandi, að hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og að stuðla að almennri vitund og þekkingu um menningarmál
- Að gera þjónustusamninga við viðurkennaða aðila um að sinna skilgreindum verkefnum á vegum ráðsins
- Að hafa eftirlit með öllum rekstri ráðsins og að sjá um að bókhald þess og fjármál séu í fullkomnu lagi
- Að koma fram fyrir hönd Menningarráðsins fyrir dómstólum og stjórnvöldum
- Að úthluta fjármagni til menningarverkefna samkvæmt samningi á milli sveitarfélaga á Suðurlandi og ríkisins.“

Í ársskýrslu Menningarráðsins 2011-2012 kemur fram að það hafi haft eftirtaldar áherslur árið 2012<sup>37</sup>:

- Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.
- Verkefni sem efla nýsköpun tengda menningu.
- Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.
- Verkefni sem styðja við menningartengda ferðaþjónustu.
- Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf.

Öll sveitarfélög á starfssvæði Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga eru aðilar að Menningarráði Suðurlands nema Sveitarfélagið Hornafjörður. Í tilvitnaðri ársskýrslu er greint frá sérstökum samningi þessu tengdum:

„Samningur um menningarmál var gerður milli Menningarráðs Suðurlands, Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Menningarráð Suðurlands, á grunni viljayfirlýsingar sem undirrituð var af mennta- og menningarmálaráðherra, fjármálaráðherra og bæjarstjóra Hornafjarðar, leggur Menningarmiðstöð Hornafjarðar til kr. 4 milljónir árin 2012 og 2013. Þessi fjárhæð skerðir ekki starfsemi eða styrkveitingar ráðsins, enda um viðbótarfjármagn að ræða eins og fram kemur í fjárhagsyfirliti Menningarráðs Suðurlands.“

Í matsskýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, *Úttekt á framkvæmd menningarsamninga 2011-2013*<sup>38</sup> er framkvæmd menningarsamningsins gefin einkunn og þar segir m.a: „Heildarárangur svæðisins er metinn 84% og hæstu matsþættirnir eru framkvæmd stefnu Menningarráðs, nýsköpun og fjölbreytni í menningartengdri ferðaþjónustu og stuðningur við ferðaþjónustu sem er í kringum 90%. Eini veikleikinn er þannig séð fjölgun atvinnutækifæra á sviði menningar og lista sem nær alls staðar er í lægstu mörkum efsta þriðjungs mælingarinnar.“

Á árunum 2012-2013 veitti Menningarráð Suðurlands styrki til 221 verkefnis, auk stofn- og rekstrarstyrkja sem voru 15 árið 2013 og skrá yfir þau verkefni sem styrkt voru má sjá í viðauka 2.

<sup>37</sup> <http://sunnanmenning.endor.is/wp-content/uploads/2012/09/rssk%C3%BDrsla-2012.pdf>

<sup>38</sup> <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=DCF68D4F9DD7086300257C0D0056678B&action=openDocument>

## 11 Fjölbjóðlegt samstarf

Fjölbjóðlegt samstarf stofnana og fyrirtækja á Suðurlandi er víðtækt, m.a. þátttaka í fjölbjóðlegum samstarfsverkefnum ESB. Á heimasíðu samstarfshóps styrkjaáætlana sem fá framlög frá ESB má sjá kort með landshlutagreindum upplýsingum um verkefni og verkefnastyrki.<sup>39</sup>

Verkefnabátttaka er á Suðurlandi í tveimur verkefnaáætlunum sem Byggðastofnun hefur umsjón með, NORA, NPP og ESPON.

### 11.1 NORA, Norræna Atlantssamstarfið

NORA (Norræna Atlantssamstarfið) eru samtök fjögurra landa og falla undir samstarf Norrænu Ráðherranefndarinnar um byggðastefnu. Eftirtalin verkefni með verkefnisstjórn á Suðurlandi voru samþykkt á árinu 2012:

*Jarðvangar* (geoparks), skipuleggja ferðir og útbúa kynningarefni á netinu gegnum heimasíðu, setja upp bókunarkerfi og stofna norræna deild Geoparks. Katla jarðvangur, Locatify.

*Slow Adventure*, fara sér hægt og verða eitt með náttúrunni og sögunni. Þjálfa fólk í þessari tegund ferðaþjónustu. Háskóli Íslands Höfn í Hornafirði, Rannsóknasetur ferðaþjónustunnar.

*Berjarækt*, tilraunaverkefni um berjaframleiðslu, með ræktun í plastgöngum sem þola meiri vind. Landbúnaðarháskóli Íslands í Hveragerði, Garðyrkjustöðin Engi og Garðyrkjustöðin Kvistar á Selfossi, Hveramýri í Mosfellsbæ og Bændasamtök Íslands í Reykjavík. Samstarfslönd: Noregur, Grænland.

### 11.2 NPP, Norðurslóðaáætlunin

NPP, Norðurslóðaáætlunin, er samstarfsáætlun ESB og aðildarlanda að áætluninni um verkefnasamstarf. Starfssvæðið er norðurhluti Finnlands og Svíþjóðar, norðvesturhluti Noregs, Skotlands og Írlands og Ísland, Færeyjar, Grænland og Norður-Írland.

Aðalverkefni á starfstímabilinu 2007-2013 sem samþykkt höfðu verið í október 2013 með þátttöku á Suðurlandi eru:

*The Sea as Our Neighbour: Sustainable Adaption to Climate Change in Coastal Communities and Habitats on Europe's Northern Periphery – Coast Adapt.*<sup>40</sup>

Samstarfsverkefni Íslands, Norður-Írlands, Írlands, Skotlands og Noregs þar sem Háskóli Íslands, Sveitarfélagið Árborg og Mýrdalshreppur eru þátttakendur en meðal tengdra aðila eru Siglingastofnun, Veðurstofa Íslands, Samtök sveitarfélaga og Skipulagsstofnun.

*Economuseum Northern Europe*.<sup>41</sup>

Samstarfsverkefni Íslands, Færeyja, Norður-Írlands, Írlands, Noregs og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Höfn Hornafirði og Fræðslunet Austurlands.

*NEED, Northern Environment Education Development*.<sup>42</sup>

Samstarfsverkefni Íslands, Finnlands, Noregs og Írlands. Íslenskir þátttakendur eru Fræðasetur Háskóla Íslands í Höfn Hornafirði, Háskólasætrið á Húsavík, Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfrum, Þróunarfélag Austurlands, Kirkjubæjarstofa, Þjóðgarðurinn Skaftafell og sveitarfélögin Hornafjörður, Skaftárreppur, Fljótsdalshérað og Norðurþing.

<sup>39</sup> <http://evropusamvinna.is/kort/>

<sup>40</sup> [www.coastadapt.org](http://www.coastadapt.org)

<sup>41</sup> [www.economusee.no](http://www.economusee.no)

<sup>42</sup> [www.uef.fi/need](http://www.uef.fi/need)

*Sustainable Aquaculture of Arctic charr - Northcharr.*<sup>43</sup>

Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar og Noregs. Íslenskir þátttakendur eru Hólalax ehf, Rifós ehf, Íslandsbleikja ehf, Silfurstjarnan ehf, Klausturbleikja ehf, Skagafjarðarveitur, FISK-Seafood, Akvaplan-Niva og Matís.

*Our Life as Elderly- implementation - OLEII.*<sup>44</sup>

Samstarfsverkefni Íslands, Svíþjóðar, Noregs og Færeys. Íslenskir þátttakendur eru Akureyrarbær, Hafnarfjarðarbær og Heilbrigðisstofnun Suðausturlands.

*The THING Project – Thing sites International Networking Group. THING.*<sup>45</sup>

Samstarfsverkefni Noregs, Íslands, Skotlands og Færeys. Íslenskur þátttakandi er Þjóðgarðurinn á þingvöllum í samstarfi við tengda aðila.

---

<sup>43</sup> [www.northcharr.eu](http://www.northcharr.eu)

<sup>44</sup> [www.ourfuture.eu](http://www.ourfuture.eu)

<sup>45</sup> [www.thingproject.eu](http://www.thingproject.eu)

## Viðaukar

### Viðauki 1: Verkefnaskrá vaxtarsamnings 2012-2013

#### Skrá yfir styrkt verkefni 2012<sup>46</sup>:

1. Roðsnakk. Reynir Friðriksson.
2. Hjólaferðamennska á Suðurlandi.
3. Staðlað þolpróf fyrir íslenska hestinn.
4. Upplit, viðburðir og gagnagrunnur fyrir uppsveitir Árnessýslu.
5. Ostagerð í Öræfum.
6. Sjálfbær sauðfjárrækt í Skaftárreppi.
7. Lausfryst grænmeti. Matís.
8. Njálurefill.
9. Uppbygging ferðabjónustu í Þorlákshöfn. Sveitarfélagið Ölfus.

#### Skrá yfir styrkt verkefni 2013<sup>47</sup>:

1. Uppbygging fuglatengdrar ferðamennsku á Suðurlandi.
2. Klasasamstarf ferðamála í Hveragerði.
3. Ferðamálaklasi í Flóahreppi.
4. Kortlagning og útgáfa á sölustöðum staðbundinna matvæla.
5. Uppbygging, merkingar og markaðssókn - Gamla laugin.
6. Þróun og markaðssókn alþjóðlegs sumarnáms.
7. Samstarf um moltugerð fyrir lífræna bændur á Suðurlandi.
8. Markaðssókn inn á stór-reykjavíkursvæðið.
9. Markaðssókn á humarsoði til Danmerkur.
10. Uppbygging sjálfbærrar rekstrareiningar Kötlu Jarðvangs.
11. Uppbygging alþjóðlegs rannsóknartengds framhaldsnáms.
12. Icelandic Horse Expo.
13. Markaðssókn Aqua Icelander, þjálfunarþúnaðs fyrir hesta.
14. Markaðssókn sjávar- og grænmetisréttá erlenda markaði.
15. Uppbygging ferðamála í Rangárþingi Ytra og Ásahreppi.
16. Bókabærinn austanfjalls, aðili að International org of booktown.
17. Vatnajökull Photo - ljósmyndaklasi á Suðurlandi.
18. Markaðsátak Ferðamálasamtaka Vestmannaeyja.
19. Snjallleiðsagnir í Skaftárreppi.
20. Sóknarfæri við sjóndeildarhringinn.
21. Fuglar á Suðurlandi 2.
22. Ferðamálin í Hveragerði 2.
23. Gagnvirk miðlun.
24. Vetrarnýting á hálandi Íslands.
25. Matarupplifun í Uppsveitum.
26. Markaðssókn í Noregi.
27. Icelandic Horse Expo.
28. Heimaframleiðsla og sala sauðfjárafurða í Skaftárreppi.
29. Heilsuréttir fjölskyldunnar.
30. Njálurefill - hönnun, þróun og markaðssetning.
31. Ironman - þríþrautarkerppni á Íslandi?
32. Áhætta byggðar í sambýli við jarðskjálfta og eldfjallavá.
33. Nýting sóknarfæra í hágæðamálsmíði með CNC stýrðum iðnv.
34. Markaðssókn og tímabundin ráðning starfsmanns – Ölvisholt.

<sup>46</sup> Vaxtarsamningur Suðurlands. Ársreikningur 2013.

<sup>47</sup> Vaxtarsamningur Suðurlands. Ársreikningur 2013.

## Viðauki 2: Verkefnaskrá menningarsamnings 2012-2013

### Eftirtalin verkefni voru styrkt 2012<sup>48</sup>:

1. Þýskir menningarviðburðir tengdir árstíðum. Þýsk-íslenska vinafélag á Suðurlandi.
2. Þjóðleg tónlist á ferð og flugi. Blokkflautukvartett Rangárþings.
3. Foldarskart. Harpa Jónsdóttir.
4. Mér er líka skemmt. Jóhannes Sigmundsson.
5. Kóramót. Hörpukórinn
6. Þverflaututónleikar / Flautukór. Védís Guðmundsdóttir
7. Ífaðmi Suðurlands. Jóhann Stefánsson.
8. Söguganga upp með Öxará. Margrét Sveinbjörnsdóttir
9. Upplýsingaskilti í Flóahreppi. Flóahreppur.
10. Vorvaka. Hringur, kór eldri borgara í Rangárvallasýlu.
11. Líkan af Eldmessukirkjunni. Minningarkapella sr. Jóns Steingrímssonar.
12. Útvarp unga fólksins. Stefán Hannesson.
13. Sigild tónlist milli sanda. Brian R. Haroldsson og fl.
14. Sigur lífsins – dagskrá 6. apríl 2012. Kirkjubæjarstofa ses.
15. Ljósmyndanámskeið og –samkeppni. Sveitarfélagið Árborg.
16. Menningarveisla Sólheimar. Sólheimar ses.
17. Söguferð um þorpin. Siggeir Ingólfsson.
18. Þingborg í útrás. Þingborgarhópur.
19. Þjórsártúnsvöllurinn 100 ára – söguskilti. Héraðssamband Skarphéðinn.
20. Pysjusaga. Örn Hilmisson og fl.
21. Menningarþræðir. Menningar-, íþróttá- og frístundasvið Hveragerðisbæjar.
22. Óperutónleikar Söngsveitar Hveragerðis. Söngsveit Hveragerðis.
23. Ljósmyndspégill – mannlifið í kringum hverina. Menningar-, íþróttá- og frístundasvið Hveragerðisbæjar
24. Konungsvegur – skref fyrir skref. Anna Kr. Ásmundsdóttir.
25. Sjómennska er ekkert grín. Sagnheimar, byggðasafn.
26. Tónleikaferð Brother Grass 2012 – Suðurland. Brother Grass.
27. Stjörnur. Sæheimar – Fiskasafn.
28. Fyrsti bæjarlistamaður Hvergerðinga. Félag eldri borgara í Hveragerði.
29. Frumbyggjar fá orðið – framhald. Menningarnefnd Ölfuss.
30. Sjómaður á verferð – safnfræðsluverkefni. Lýður Pálsson.
31. Blík ljósmyndasýningar. Ljósmyndaklúbbur Blík.
32. Brú til Borgar 2012. Hollvinir Grímsnes.
33. Tónleikar kirkjukórar Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju og Hljómdiskur. Kirkjukórar Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju.
34. Að smiða kljásteinaefstað. Auður Hildur Hákonardóttir.
35. Sólarferð eftir Guðmund Steinsson – leikrit. Leikfélag Selfoss.
36. Úteyjarlif Árna Árnasonar. Ritnefnd Úteyjalífs og Bókasafn Vestmannaeyja.
37. 100 Eyjalög úr ísl. Handritum 1550-1850. Tónlistarskóli Vestmannaeyja.
38. Heilmyndakvikmynd Rangæringafélagsins gerð um 1950. Rangæringafélagið.
39. Örnefnaskráning í Mýrdalshreppi. Kötłusetur.
40. Jazz undir fjöllum 2012. Byggðasafnið í Skógum.
41. Tónleikar í Kálfafellsstaðarkirkju. Þórbergssetur.
42. Sunnlendingar á Ólympíuleikum. Héraðssamband Skarphéðinn.
43. Tónleikar Karlakórs vestur Skraftfellinga. Karlakór Vestur-Skraftfellinga.
44. Banastuð – leiksýning. Leikfélag Vestmannaeyja.
45. Ljós í leikhúsi – Tónleikar. Leikfélag Vestmannaeyja.
46. Leiklistarnámskeið – Barnastarf. Leikfélag Rangæinga.
47. Barnaleikrit Lína Langsokkur. Leikfélag Hveragerðis.
48. Leiksýning. Leikfélag Rangæinga.
49. Krabbakverið. Sæheimar – Fiskasafn.
50. Söguskilti, framhald. Katrín J. Óskarsdóttir.

<sup>48</sup> <http://www.sunnanmenning.is/verkefnastyrkir/styrkveitingar-2012/>

51. *Nemendaleikrit Fsu*. Nemendafélag Fsu.
52. *Landnámsdagur*. Skeiða- og Gnúpverjahreppur.
53. *Leikur að menningu*. Leikfélag Vestmannaeyja.
54. *Lifað með náttúruöflunum – ljósmyndasýning*. Ástþór Jóhannesson.
55. *Leikið á safni*. Byggðasafn Árnesinga.
56. *Menningarbrú*. Menningarheimili Oddasóknar.
57. *Saga íslenskrar ylraektar í myndum og máli*. Knútur Ármann og Helena Hermundsdóttir.
58. *Ferjumaðurinn*. Árni Þór Guðmundsson.
59. *Íslenskt leikverk í fullri lengd*. Leikfélag Ölfus.
60. *Arfur – miðlun örnefna úr gagnagrunni Kirkjubæjarstofu*. Kirkjubæjarstofa ses.
61. *Áhugaljósmyndasýning á Hornafirði*. Ríki Vatnajökuls.
62. *Landsmótin á Selfossi í mynd*. Sveitarfélagið Árborg.
63. *Varðveisla á Litla-Bergþór*. Umgmennafélag Biskupstungna.
64. *Stórt hjarta*. Hark Kvikmyndagerð.
65. *Víkingadagur í Ölfusi*. Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.
66. *Undurfagra ævintýr – Oddgeirsdagur í Eyjum*. Sögumiðlun ehf.
67. *Þjóðsaga (fjölskyldutónleikar á Höfn)*. Hafsteinn Þórólfsson.
68. *Skaftholtsréttir*. Vinir Skaftholtsréttta.
69. *Beitningaskúrinn*. Byggðasafn Árnesinga.
70. *Verbúðalffið lifnar við*. Menningarmiðstöð Hornafjarðar.
71. *Upplitsdjarfur – hæfileikakeppni Uppsveitanna*. Upplit, menningarklasi Uppsveita Árnessýslu.
72. *Gullfoss*. Dansfélagið Krummi.
73. *Fjallkóngur og fjöruneyti*. Guðmundur Bergkvist.
74. *Podium festival í Selinu á Stokkalæk*. Tónlistarháttíðin Podium festival.
75. *Tónaháttíð félagsheimilanna í Flóa*. Rekstrarstjórn félagsheimilanna í Flóahreppi.
76. *Ljósmyndasýning í Pórbergssetri*. Pórbergssetur.
77. *Þjóðminjar og þjóðhættir*. Pórður Tómasson.
78. *Merkigil – Tónleika- og menningarhús*. Unnur Arndísardóttir.
79. *Karlakór Hreppamanna – Giuseppe Verdi 200 ára afmæli*. Karlakór Hreppamanna.
80. *Fræðslusýningar – íslensk myndlist*. Menningarmiðstöð Hornafjarðar.
81. *Söngurinn er lífið*. Barna- og ungingakór Selfosskirkju.
82. *Í sambúð með óværum granna*. Ragnheiður Gló Gylfadóttir.
83. *Þjóðlagasveitin Korka – geisladisksútgáfa*. Þjóðlagasveitin Korka.
84. *Sögusýning í Skaftárstofu 2012*. Kirkjubæjarstofa ses.
85. *Skáldasetur – farandsýning*. Listvinafélag Hveragerðis.
86. *Víkingó – með hausinn fullan af hönum*. Þorfinnur Guðnason.
87. *Kammertónleikar á Kirkjubæjklaustri*. Menningarmálanefnd Skaftárhrepps.
88. *Stórviðburðir á stórafmæli- munir og minningar í Safnahúsi Vestmannaeyja*. Vestmannaeyjabær.
89. *Sögur í máli og myndum*. Bókasafnið í Hveragerði.
90. *Lúðrarokk*. Lúðrasveit Vestmannaeyja ofl.
91. *Norden Blues og culture festival*. Blúsfélagið Hekla.
92. *Tónar við hafið, tónleikaröð*. Menningarnefnd Ölfuss.
93. *Ljósmyndasýning og-samkeppni áhugamanna-Katla Geopark*. Katla Geopark.
94. *Ásjóna*. Listasafn Árnesinga.
95. *Horizonic*. Listasafn Árnesinga.
96. *Vinnuheitið: hönnun/myndlist*. Listasafn Árnesinga.
97. *Kristinn Pétursson og list hans*. Listasafn Árnesinga.
98. *Menning fyrir miðnætti*. Vinaminni kaffihús.
99. *Listaháttíð unga fólks á Suðurlandi*. Menningarmiðstöð Hornafjarðar.
100. *Safnahelgi á Suðurlandi 2012*. Samtök safna á Suðurlandi.
101. *Sumartónleika í Skálholtskirkju 2012*. Sumartónleika í Skálholtskirkju.
102. *Gersemi ertu! Atgeir ehf*.
103. *Myndasetur Suðurlands*. Héraðsskjalasafn Árnesinga.
104. *Þjóðleikur*. Þjóðleikur á Suðurlandi.

## Eftirtalin verkefni voru styrkt 2013<sup>49</sup>

1. *Varðveisla sögunnar.* Grímur Víkingur Þórarinsson.
2. *Mér er líka skemmt – áframhald.* Jóhannes Sigmundsson.
3. *Sýning á Vor í Árborg.* Konubókastofan.
4. *Kóramót og samstarf við kór eldri borgara í Vestmannaeyjum.* Hörpukór.
5. *Vetrarsólstöðutónleikar.* Kirkjukór Hruna- og Hrepphlásókna.
6. *Söngþpurinn tvennir tímar.* Ágúst Sigurðsson, formaður kórsins.
7. *Stella 60 ára - afmælis og útgáfutónleikar.* Stella Hauksdóttir.
8. *Lög Unga Fólksins.* Birkir Þór Högnason.
9. *Sunnlensk tónlist fyrir gesti og gangandi.* Blokkflautukvartett Rangæinga.
10. *Söguskilti - Ungmennafélags Biskupstungna.* Ungmennafélag Biskupstungna.
11. *Ave María tónleikar.* Maríu trúóið.
12. *Þjóðsögurnar- myndlistasýning Myndlistafélags Vestmannaeyja.* Myndlistafélag Vestmannaeyja.
13. *Þýskar menningarviðburðir og upplestrarkeppni.* Þýsk-íslenska vinafélag á Suðurlandi.
14. *Söguskilti.* Katrín J. Óskarsdóttir.
15. *Syngjandi vor.* Ingi Heiðmar Jónsson.
16. *Við eignum samleið.* Hringur, kór aldraðra í Rangárþingi.
17. *Skapandi ungmenni í hljóði og mynd.* Ívar Máni Garðarsson.
18. *Tónlist í sveitakirkjum 2013.* Jón Águst Reynisson.
19. *Hrunakrókur-sögusafn og sýning.* Stóra-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga.
20. *Podium festival 2013.* Tónlistarhátíðin Podium festival.
21. *Sumar í Odda.* Kór Odda og þykkvabæjarkirkna.
22. *Menningar-Staður.* Friðsæld ehf.
23. *Lögin hans Labba.* Ólafur Stefán Þórarinsson.
24. *Búum til rafmagn - fræðum, snertum, verndum!* Menningar-, íþróttá- og frístundanefnd.
25. *Alþýðuóperan sýnir Ráðskonuríki á Suðurlandi.* Alþýðuóperan.
26. *Úlfþjótsvatnshátið 2013.* Hollvinir Grímsness.
27. „*Sagnaslóð Torfa í Klofa.*“ Margrét Grétarsdóttir.
28. *Stjörnuskip.* Stjörnufræðifélag Vestmannaeyja.
29. *List í heraði.* Rangárþing eystra.
30. *Fágæti og fegurð - tónleikar í Selinu á Stokkalæk 31. ágúst 2013.* Valdís G. Gregory.
31. *Menningarheimilið á Hellu treystir grunnstoðirnar.* Menningarheimili Oddasóknar.
32. *Tónleikar í tilefni af 30 ára afmæli Kórs Fjölbraudaskóla Suðurlands.* Kór Fjölbraudaskóla Suðurlands.
33. *Saumastofan - leikrit í fullri lengd.* UMFG Skeið- og Gnúp.
34. *Margbreytileikinn í myndum.* Menningarmiðstöð Hornafjarðar.
35. *Horfinn heimur. Ljósmyndasýning úr safni Harðar Sigurgeirssonar 1950-1963.* Friðrik Harðarson.
36.  *Ferlið, (sjónræn kvíkmynda.- og ljósmyndasýning).* Hlynur Pálason.
37. *Myndir af fiskiskipum sem gerð hafa verið út frá Hornafirði.* Stefán Ólafsson.
38. *Aurora Glacialis – Norðurljós og vetrarjöklar í Ríki Vatnajökuls.* Þorvarður Árnason.
39. *Örlagasaga Vestmannaeyinga 1785-1900.* Bókasafn Vestmannaeyja.
40. *Menningarviðburðir í Jarðvangsviku.* Katla Jarðvangur.
41. *Ströndin.* Leikhópurinn Lopi.
42. *þrek og tár eftir Ólaf Hauk Simonarson.* Leikfélag Selfoss.
43. *Leikrit í fullri lengd.* Leikfélag Ölfuss.
44. *Jazz undir Fjöllum 2013.* Byggðasafnið í Skógrum.
45. „*Sögur úr sveitinni.*“ Sigrún Bjarnadóttir.
46. *Með vífið í lúkunum.* Leikfélag Hveragerðis.
47. *Myrkar sögur í uppsveitum Árnessýslu.* Grænna land ehf.
48. *Umhverfið - uppsprettu hugmynda.* Bókasafnið í Hveragerði.
49. *Reykjavík Shorts & Docs Festival 'On the Road' - á Höfn.* Reykjavík Shorts & Docs Festival.
50. „*Í lystigarði ljúfra kála.*“ Tónleikar í völundargarði í Biskupstungum. Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir.
51. *Náttúraður - heimildamynd um söguna og frásagnarlist.* Lára Marteinsdóttir.
52. *Bakkatríó.* Ingibjörg Erlingsdóttir.
53. *Menningarveisla Sólheima 2013.* Sólheimar ses.

<sup>49</sup> Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.

54. *Söngleikja- og óperutónleikar.* Söngsveit Hveragerðis.
55. *Píánósumar í Selinu.* Kristján Karl Bragason.
56. *3 verkefni: Úr öllum áttum, Leifur Íjónsöskur og Anna frá Stóru-Borg.* Leikfélag Austur-Eyfellinga.
57. *Eldur járn og gler.* Margrét Hrönn Hallmundsdóttir.
58. *Sunnlenskir tónar.* Vörðukórin.
59. *Sinfónískar Dýravísur.* Örlygur Benediktsson.
60. *Tónlistarhátið Strandarkirkju í Selvogi 2013.* Björg Þórhallsdóttir.
61. *Sigur lífsins - dagskrá í mars 2013 á Kirkjubæjarklaustri.* Kirkjubæjarstofa ses.
62. *Skaftáreldar – 230 ár frá upphafi þeirra.* Kirkjubæjarstofa ses.
63. *Skapandi börn.* Menningarfélag um Brydebúð.
64. *Lifandi hús - Dagskrárgerð í Brydebúð.* Menningarfélag um Brydebúð.
65. *Söguskiði í Hveragerði.* Njörður Sigurðsson.
66. *Hveragerði Sightseeing on Foot.* Njörður Sigurðsson.
67. *Laufaleitir í 120ár – heimildamynd.* Guðmundur Árnason.
68. *Hans Christiansen – sýningarskrá.* Félag eldri borgara Hveragerði.
69. *Tónahátið félagsheimila Flóahrepps.* Rekstrarstjórn félagsheimila Flóahrepps.
70. *Opnum bæinn.* Gaukur Travel.
71. *Söngleikur Leikfélag Hornafjarðar og FAS.* Leikfélag Hornafjarðar.
72. *Blúshátið á Hornafirði.* Sigurður Mar Haldórsson.
73. *Leikrit Menntaskólangs að Laugarvatni.* Nemendafélag Mímir.
74. *Söfnun upplýsinga um húseignir í Sveitarfélagini Árborg.* Sveitarfélagið Árborg.
75. *Tónleikar Djassband Suðurlands (DBS) sumarið 2013.* Djassband Suðurlands.
76. *Sacred Concert eftir Duke Ellington.* Stórsveit Suðurlands.
77. *Hljóðfærasmíðja á Suðurlandi– Rusl og drasl.* Pamela De Sensi.
78. *Halastjörnur.* Sæheimar – Fiskasafn.
79. *Myndun Heimaeyjar.* Sæheimar – Fiskasafn.
80. *Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri.* Menningarmálanefnd Skaftárhrepps.
81. *Prjónaganga á 85 ára afmæli SSK.* Samband sunnlenskra kvenna.
82. „Nú sigla svörtu skipin.“ Karlakór Hreppamanna.
83. *Tónar við hafið.* Menningarnefnd Ölfuss.
84. 2. áfangi sýningarinnar „Listamannabærinn Hveragerði - fyrstu árin.“ Listvinafélag Hveragerðis.
85. *Heimildamynd um íslenskar afturgöngur.* Collectif Panic og leikfélög á Hornafirði.
86. *Ein saga er geymd – leikrit.* Guðrún Ásmundsdóttir.
87. *Þjóðleikur 2014.* Þjóðleikur á Suðurlandi.
88. *Eldey - stærsta súlubyggð í heimi.* Sagnheimar, byggðasafn.
89. *Tyrkjaránið í máli og myndum.* Sagnheimar, byggðasafn.
90. *Saga og súpa í Safnahúsi.* Sagnheimar, byggðasafn.
91. *Frá forboða til heimkomu - Frumsamið leikverk frá Heimaeyjargosinu.* Leikfélag Vestmannaeyja.
92. *Grease.* Leikfélag Vestmannaeyja.
93. *Tréskurðaverk um gangtegundir íslenska hestsins - fet og skeið.* Sigríður Jóna Kristjánsdóttir.
94. *Ég er Ísland - Suðurland í mannsmynd.* Halldóra Rut og Harpa Fönn.
95. *Móri.* Gunnar Sigurgeirsson.
96. *Safnahelgi á Suðurlandi 2013.* Samtök safna á Suðurlandi.
97. *Norden Blues og culture festival.* Blúsfélagið Hekla.
98. *Tónleikar í Kálfafellstaðarkirkju í Suðursveit.* Þórbergssetur.
99. *Steinarnir tala.* Þórbergssetur.
100. *Vísnavefurinn Bragi.* Héraðsskjalasafn Árnesinga.
101. *Ljósmyndasafn Otto Eyfjörð.* Héraðsskjalasafn Árnesinga.
102. *Tónlist í bókmenntum. Safnahelgi í Vestmannaeyjum 10 ára.* Vestmannaeyjabær.
103. *Vestmannaeyjar í 40 ár - tónlist og frásagnir.* Vestmannaeyjabær.
104. *Leiksýning í Sögusetrinu á Hvolsvelli.* Atgeir ehf.
105. *West Side Story.* Barna- og unglingakórar Selfosskirkju.
106. *Viva la Musica! Að syngja saman er gaman!* Barna- og unglingakórar Selfosskirkju.
107. *Ljósmóðirin.* Byggðasafn Árnesinga.
108. *Handritin alla leið heim - Afhending Eddu.* Byggðasafn Árnesinga.
109. *Merkigil – dagskrá.* Unnur Arndísardóttir.
110. *Merkigil - Alþýðutónlistarhátið á Eyrarbakka sumarið 2013.* Unnur Arndísardóttir.

111. *Upplifðu Vík - Saga og afþreying*. Kötłusetur ses.
112. *Látnir segja ekki frá!* Kötłusetur ses.
113. *Katla „á lífi“*. Kötłusetur ses.
114. *Útlendingur heima - uppgjör við eldgos*. Sigva Margmiðlun.
115. *Opinber flutningur á óperunni 'Ragnheiður' í Skálholtskirkju*. Arpa ehf.
116. *Hveragerði Music and Harvest Festival (HMH)*. Hveragerðisbær.
117. *Sýningar ársins 2013 í Listasafni Árnesinga*. Listasafn Árnesinga.

**Eftirtaldir hlutu stofn- og rekstrarstyrki 2013<sup>50</sup>:**

1. *Ljósalistaverk Höfn*. Steinljós ehf.
2. *Stofnun Konubókastofunnar*. Konubókastofan.
3. *Alþjóðlegt fræðasetur um menningararf Vestmannaeyja*. Sögusetur 1627.
4. *Kirkjubær - uppbygging sýninga í húsi og garði*. Byggðasafn Árnesinga.
5. *Stofnun Fischerseturs á Selfossi*. Fischersetrið á Selfossi.
6. *Artbjarg - vinnustofur og gisting*. Artbjarg.
7. *Myndasetur.is*. Héraðsskjalasafn Árnesinga.
8. *Frásagnarakademía*. Tenderlee. ehf.
9. *Kötłusetur ses*. Kötłusetur ses.
10. *Njálurefill*. Fjallasauð ehf.
11. *Mjólkuriðnaðarsafn*. Sveitarfélagið Árborg.
12. *Sumartónleikar í Skálholtskirkju 2013*. Sumartónleikar í Skálholtskirkju.
13. *Gullkistan, alþjóðlegt menningarsetur á Laugarvatni*. Gull og gersemar ehf.
14. *Rekstrarstyrkur fyrir Listasafn Árnesinga*. Listasafn Árnesinga.
15. *Kirkjubæjarstofa - menningar- og fræðslumiðstöð*. Kirkjubæjarstofa ses.

---

<sup>50</sup> Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.